



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025

Umhverfi og útivist

20. janúar 2006, lagfært 20. mars 2006



LANDMÓTUN.

Yngvi Þór Loftsson
landslagsarkitekt FÍLA


EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	1
1 NÁTTÚRUFARSLEGAR FORSENDUR	2
1.1 Staðhættir og landslag	2
1.2 Jarðfræði	2
1.3 Veðurfar	3
1.4 Gróðurfar	4
1.5 Fuglalíf	5
1.6 Vatn	6
1.7 Loft	10
1.8 Hávaði	11
2 NÁTTÚRVÁ OG EFNISNÁMUR	11
2.1 Náttúruvá	11
2.1.1 Eldgos og öskufall	11
2.1.2 Jarðskjálftar	12
2.2 Efnisnámur	12
3 VERNDARSVÆÐI	15
3.1 Náttúruvernd	15
3.1.1 Friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum	16
3.1.2 Svæði á náttúruminjaskrá	20
3.2 Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum	20
3.3 Hverfisvernd	22
3.3.1 Hverfisverndarsvæði A	22
3.3.2 Hverfisverndarsvæði B	23
3.3.3 Hverfisverndarsvæði C	26
3.4 Þjóðminjavernd	29
3.4.1 Friðlýstar þjóðminjar skv. þjóðminjalögum	29
3.4.2 Húsvernd	29
3.4.3 Aðrar söguminjar	30
4 ÚTIVIST	32
4.1 Útivistarvefur	32
4.2 Opin svæði til sérstakra nota	32
4.3 Óbyggð svæði	34
4.4 Flokkun stíga	34

1 NÁTTÚRUFARSLEGAR FORSENDUR

1.1 STAÐHÆTTIR OG LANDSLAG

Landslag við Hafnarfjörð mótast af því að svæðið er við jaðar vestra rek- og gosbeltis (flekaskila) sem liggur eftir Reykjanesskaga og teygir sig norður í Langjökul. Einkennandi eru jarðskorpuhreyfingar og úfin apalhraun sem mörg hver hafa runnið til sjávar. Þau mynda berggrunninn undir stórum hluta bæjarins og eru hans helsta einkenni. Upp úr hraunflákunum standa stök fell sem eru áberandi kennileiti. Syðst er Helgafell í rúmlega 300 m y.s. og Valahnúkar í tæplega 200 m y.s. Nær byggðinni er Ásfjall mest áberandi í tæplega 130 m y.s.



Landslag og hæðarlínufletir í landi Hafnarfjarðar


1.2 JARÐFRÆÐI

Hafnarfjörður er á mótum tveggja megin jarðmyndana í jarðfræði höfuðborgarsvæðisins. Annars vegar eru jökulsorfin grágrytis- og móbergsholt frá jökulskeiðum ísaldar og hins vegar hraun frá nútíma, þ.e. yngri en 10.000 ára. Elsta bergmyndunin er **Garðabæjarmóbergin** sem kemur fram sunnan í Hamarsholti og undir Setbergshamri. Þetta berg er myndað við gos undir jökli og er talið um 300.000 ára gamalt. **Reykjavikurgrágrytið** kemur fram efst í Hvaleyrarhöfða og liggur undir Ásfjalli og Vatnshlíð. Þriðja stóra jarðmyndunin á svæðinu er **Breiðholtsgrágrytið** en það myndar hæðirnar; Setbergsholt, Ásfjall, Vatnshlíð og höfðana sunnan við Hvaleyrarvatn.

Þegar ísaldarjökla leysti var sjávarstaða á tímabili u.þ.b. 32 m hærri en hún er í dag. Þessa sér merki á Hvaleyrarholti og í dalnum norðan og austan Ásfjalls.

Mikil eldvirkni hefur verið í bæjarlandinu síðan síðasta jökulskeiði íslandar lauk eða síðustu 10.000 árin. Elst er **Búrfellshraun** sem mótaði ströndina austan fjarðarins fyrir um 8000 árum og myndar berggrunninn undir stórum hluta bæjarins. Nafnið Búrfellshraun er samheiti yfir allt hraunið en einstakir hlutar þess hafa sín sérheiti s.s.; Smyrlabúðahraun, Gráhelluhraun, Lækjarbotnhraun, Urriðakotshraun, Hafnarfjarðarhraun,

Garðahraun og Gálgahraun. Vestan Ásfjalls eru fjölmörg hraun og þau yngstu frá sögulegum tíma t.d. Hellnahraun frá því um 950 og Kapelluhraun frá árinu 1151.



Kortið sýnir hraun sem runnið hafa í landi Hafnarfjarðar eftir ísöld, eldri hraun eru í grænum lit.

Ástæðan fyrir hinni miklu eldvirkni í bæjarlandinu eru flekaskil Ameríku- og Evrasíuflekans, svokallað vestra gos- og rekbelti sem liggur eftir Reykjanesskaganum endilöngum. Þetta gos- og rekbelti veldur jarðskjálftum, eldvirkni og jarðskorpuhreyfingum. Jarðskjálftar virðast koma í hrinum með um 30-40 ára millibili og verða því harðari sem austar dregur á skaganum eða allt 6-6,5 stig á Richter. Eldvirknin á Reykjanesskaganum birtist í fjórum eldstöðvakerfum sem öll hafa miklar sprungureinar með NA-SV stefnu þ.e. skáhalt m.t.t. flekaskilanna. Næst vestasta eldstöðvakerfið er kennt við Trölladyngju og liggur sprungurein þess kerfis um Núpsstaðhlíðarháls, Sveifluháls, Kleifarvatn, Heiðmörk og fjarar að mestu út við Elliðavatn. Frá þessu eldstöðvakerfi hafa runnið hraunin sem einkum hafa haft áhrif á landmótun í Hafnarfirði. Þriðja megineinkenni flekaskilanna eru jarðskorpuhreyfingar og eru þær hvað greinilegastar við Kaldársel.

1.3 VEÐURFAR

Almennt má segja um veðurfar í Hafnarfirði að vetur eru mildir, frekar snjóléttir og gjarnan umhleypingasamir en sumur eru svöl. Meðalársúrkoma í Reykjavík á tímabilinu 1961-1990 var um 800 mm, en jókst eftir því sem sunnar dró og var um 920 mm í Kapelluhrauni. Þá er tíðni vindátta er mismunandi og fer það eftir aðstæðum í nærumhverfi s.s. afstöðu til og nálægð fjalla, landslagi, hæð og stefnu strandlengju og fleiri þáttum. Staðbundið veður getur haft þýðingu fyrir landnotkun og skipulag byggingarsvæða. Slagregn og hvassviðri eru t.a.m. ákveðin séreinkenni í íslenskri veðráttu og getur slíkt veðurfar haft áhrif á notagildi garða og opinna svæða innan byggðar. Meiri hætta er á næturfrostri í lægðum, dalbotnum og flatlendi en þessi sömu svæði geta verið skjólsælli og hlýrri en önnur í góðviðri. Veðurmælingar voru gerðar við Ásfjall árið 1978 en einnig eru til umreiknuð veðurgögn frá mælingum í nánd við Straumsvík fyrir árin 1966-1970. Samkvæmt þessum mælingum eru austlægar og suðlægar áttir ríkjandi í Hafnarfirði og fylgir þeim oft úrkoma. Þessar áttir leiða til þess að vindur stendur frekar af íbúðabyggð á athafnasvæði en hið gagnstæða. Nauðsynlegt er að taka tillit til þessara þátta við deiliskipulag hverfa.



Vindrósir fyrir Straumsvík, Hvaleyrarholt og Ásfjall

1.4 GRÓÐURFAR

Í heild má segja að ástand gróðurs í landi Hafnarfjarðar sé afar misleitt. Utan byggðarinnar er gróðurþekjan víða rofin, einkum á háholtum eins og kringum Ásfjall og á Selhöfða ofan Hvaleyrarvatns. Hraunasvæðin eru í meira jafnvægi en holtin, þótt gróðurfur á þeim sé breytilegt. Grámosi eða gamburmosi er algengasti og mest áberandi mosinn og einkennandi í hraunum Hafnarfjarðar. Hann er einn fyrsti landneminn í nýjum hraunum og verður nær einráður á allmörgum áratugum, og getur myndað samfelldar mosabembur á 100 ára gömlum hraunum og eldri. Mosabekjan er þó oft ósamfelld og algengt er að sjá slitróttan gróður í hliðum og skriðum. Gamburmosinn þrífst vel þar sem er snjólétt og næðingasamt, en þar sem snjór sest í dældir og lautir milli þúfna hörfar mosinn og smárunnar taka við. Háplöntur sem sækja inn á mosabemburnar eru stinnastör, blávingull, krækilyng og þursaskegg. Burknað vaxa í hraunsprungum og ýmiskonar blómplöntur þrífast á víð og dreif í hraunum s.s. blóðberg, blágresi, lyfjagras, tágmura, maríustakkur og burnirót.

Hraun sunnan Hvaleyrarvatns eru nær eingöngu þakið mosabembu, en talsvert er um lyng og kjarr í Gráhelluhrauni.

Hraunin í Almenni (stundum nefndur Hraunskógur) eru að mestu klædd gamburmosa en einnig víða vaxinn kjarr. Í lok níttjándu aldar var kjarrið nánast eytt af hristöku og fjárbeit, því sauðfé var öldum saman haft á útigangi í afréttum. Eftir að dró úr lausagöngu búfjár hafa birki, víðir og einir tekið mikinn vaxtarkipp.

Hraunin við Straumsvík og umhverfis Þorbjarnarstaði eru að mestu klædd gamburmosa en grónir grasbalar eru áberandi næst bújörðum og selstöðum. Gróður við tjarnirnar er einstakur þar sem hann hefur þurft að aðlagast ísöltu vatni, aðlögun sem einungis hefur staðið í 5-7 þúsund ár, eða frá því hraunið rann.

Í tengslum við umhverfisúttekt á vatnasviði Hamarskotslækjar, í Ástjörn og í Hvaleyrarvatni (Náttúrufur á vatnasvæðum í landi Hafnarfjarðar – Umhverfisúttekt) var athugunarsvæðið gróðurkortlagt af Náttúrufraeðistofnun Íslands. Fjölbreytni í gróðurfari er nokkur, en samtals voru kortlögð 11 gróðurlendi á svæðinu sem síðan skiptast í 27 gróðurfélög. Stærstur hluti svæðisins er þurrlendi og er mosagróður og mólendi algengustu náttúrulegu gróðurlendin. Víðlend svæði einkum í nágrenni við Hvaleyrarvatn eru vaxin alaskalúpinu en hún breiðist augljóslega hratt út í landi Hafnarfjarðar.

Votlendi er fágætt í Hafnarfirði og hefur því hátt verndargildi. Stærstu votlendissvæðin eru við Ástjörn, á afmörkuðum stöðum meðfram Hamarskotslæknum, við ísaltar tjarnir við Þorbjarnarstaði, á Hraunum og



Gamburmosaklætt hraun upp af Þorbjarnarstöðum

við Lónakotsvatnagarða. Vatnagróður í Ástjörn er ríkulegur. Í tjörninni vaxa vatnaplöntur, t.d. grasnykra, hjartarnykra og síkjamari. Tjarnarlaukur þekur botninn á stórum svæðum og er einkennisplanta tjarnarinnar. Í myrinni við Ástjörn finnst myrarstör, gulstör og tjarnarstararflói.

Inn í bænum er að mestu ræktað land en þó finnst graslandi sem ekki hefur verið ræktað upp og mosapemba í hraunum.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur í áraraðir staðið fyrir ræktun við Hvaleyrarvatn, við Ástjörn, í Gráhelluhrauni og við Undirhlíðar.

1.5 FUGLALÍF

Ekki hefur farið fram heildstæð úttekt á fuglalífi í landi Hafnarfjarðar og skortir því upplýsingar um ýmsa þætti s.s. útbreiðslu válistategunda innan bæjarlandsins. Almenn má segja að fuglalíf sé ekki sérlega fjölbreytt enda eru stór svæði í landi bæjarins tiltölulega einsleit búsvæði fyrir fugla. Á þessu eru undantekningar og hafa einkum tvö svæði sérstaka þýðingu fyrir fuglalíf, Hvaleyrarlón og Ástjörn, en einnig má nefna Hvaleyrarvatn og Hamarskotslæk.

Hvaleyrarlón er mikilvægur viðkomustaður farfugla bæði vor og haust. Þar ná fuglarnir sér í fæðu og hvílast áður en þeir halda áfram ferð sinni. Nokkur fjöldi fugla hefur líka vetursetu við lónið og má þar nefna gæsir og vaðfugla. Strendur og leirur á höfuðborgarsvæðinu eru sérlega mikilvægar fyrir farfugla á leið til varpstöðva á Grænlandi og hafa þar af leiðandi alþjóðlegt mikilvægi.

Ástjörn er helsta votlendissvæðið í Hafnarfirði og hefur sem slíkt mikið verndargildi. Fuglalíf við Ástjörn hefur verið skoðað og er því allvel þekkt. Að vetri er fuglalíf fábreytt en yfir varptímann er það nokkuð fjölbreytt. Þar hafa sést rúmlega 50 tegundir fugla og eru rúmlega 10 tegundir taldar verpa þar að staðaldri. Þar á meðal er flórgoði sem segja má að sé þekktasti íbúi Ástjarnar. Ástjörn er eini varpstaður hans á suðvesturhorni landsins og af þessum sökum hefur Ástjörn mikilvægi á svæðis- og landsvísu. Flórgoði er meðal tegunda á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands og er þar skráður sem tegund í yfirvofandi hættu. Jafnframt er flórgoði ein þeirra tegunda sem talin er þurfa að njóta sérstakrar verndar samkvæmt Bernar-samningnum (alþjóðasamningur um verndun villtra dýra og plantna og búsvæða) sem Ísland á aðild að. Meðal annarra tegunda varpfugla má nefna stökkönd, heiðlóu, hettumáf, hrossagauk, skógarpröst,

þúfuttling og kríu sem er algengasti varpfuglinn en virðist fara fækkandi. Meðal annarra algengra fugla sem ekki verpa eru grágæsir, máfar og starar.

Hamarskotslækur hefur nokkra þýðingu fyrir fuglalíf í Hafnarfirði. Fáeinar tegundir fugla verpa við lækinn, t.d. stökkönd, skógarbröstur og stari og nokkrar dvelja þar veturlangt s.s. stökkönd, álft, grágæs, hrossagaukur og máfar. Alls hafa rúmlega 20 tegundir fugla sést við lækinn. Fuglalíf við lækinn er betur þekkt neðan Reykjanesbrautar en ofan og því gætu fleiri tegundir nýtt sér lækinn og umhverfi hans hluta úr árinu eða allt árið.

Fuglalíf við Hvaleyrarvatn er fremur fábreytt. Þar hafa sést rúmlega 20 tegundir, þar af er talið að a.m.k. fimm séu varpfuglar. Aðstæður við vatnið eru með þeim hætti að þar er lítið um kjörvarplendi t.d. mófugla og því er varp þar minna en mætti ætla.

Á veturna má sjá hópa af sjófuglum undan ströndinni þar sem þeir hafa vetursetu, t.d. skarfa sem sitja gjarnan á skerjum og klettum við höfnina og út með ströndinni. Einnig sjást algengar tegundir máva við ströndina allan ársins hring þó meira sé um þá yfir háveturinn. Inn til landsins er mosa- og graslendi algengustu búsvæðin og eru því mófuglar og aðrir fuglar sem nýta sér slík búsvæði algengastir, s.s. heiðlóa. Samhliða því að skógrækt í og við bæinn hefur aukist á undanföllum áratugum hafa skapast betri aðstæður fyrir spörfugla, s.s. skógarbröst og maríuerlu. Hrafnar sjást reglulega í og við bæinn og eru líkur til þess að þeir geri sér hreiður í hraunum í upplandi bæjarins. Hrafninn er á valista og skráður sem tegund í yfirvofandi hættu. Það á einnig við um fáka sem gæti átt sér hreiður í hraunum í upplandinu.

1.6 VATN


Vatnafarið í landi Hafnarfjarðar einkennist af allmikilli úrkomu annars vegar og lekum jarðmyndunum hins vegar. Það síðarnefnda veldur því að stöðuvötn og straumvötn eru hvorki mörg né stór. Hvaleyrarvatn og Ástjörn eru bæði tiltölulega lítil stöðuvötn, afrennslislaus og grunn en setja umtalsvert mark á náttúru bæjarfélagsins og draga til sín bæjarbúa og aðra gesti. Lífríkisgróska vatnanna er umtalsverð, einkum fuglalíf við Ástjörn og er tjörnin friðlýst vegna þess. Hamarskotslækur sem í daglegu tali er nefndur Lækurinn er fremur lítill en telst samt sem áður helsta straumvatn ofanjarðar í Hafnarfirði. Hann á uppruna bæði í Lækjarbotnum og Urriðakotsvatni. Hamarskotslækurinn er vestasti lækurinn með stöðugt rennsli sem fellur til sjávar áður en farið er út á Reykjaneskagann.

Stærstu lindir hraunasvæðanna eru fjörlindir sem koma fram þar sem grunnvatnsstraumur mætir fyrirstöðu sjávarins við ströndina. Lækir frá þeim hverfa yfirleitt í jörðu eftir að hafa runnið skamman spöl á yfirborði. Í Straumsvík eru miklar og alkunnar fjörlindir en þær leynast miklu víðar t.d. í Hraunsvík milli Hvaleyrarhöfða og Straums og fyrir botni Hafnarfjarðar.

Vatnsveita Hafnarfjarðar sér um vatnsöflun og dreifingu neysluvatns í Hafnarfirði. Vatnsbólið er í Kaldárbotnum og liggur þaðan aðfærsluæð til bæjarins meðfram Kaldárselsvegi um 6 km að lengd en síðan eftir stofnæðum og dreifilögnum sem flestar liggja í götum bæjarins. Núverandi aðveituæð er frá árinu 1950 og fullnægir hún enn vatnspörf bæjarins. Sjálfrennsli vatns er í stærstum hluta bæjarinn en dæla þarf vatni á Hvaleyrarholt og í efstu byggð í Hvömmunum og Setbergshverfi.

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 voru skilgreind vatnsverndarmörk sem eru í samræmi við svæðisskipulag verndarsvæða og vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu sem tók gildi í byrjun árs 1999. Þeim mörkum er fylgt og eru þau í samræmi við verndarsvæði vatnsbóla eins og kveðið er á um þau í reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn. Í III. kafla 9. gr. reglugerðarinnar er fjallað um varnir gegn mengun vatnsbóla og þar segir: „Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd skal, þar sem þörf krefur, krefjast þess að svæðið skuli girt gripa- og mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli. Vatnsveitur skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vatnsból spillist. Sama gildir um aðra staði s.s. ár eða læki þar sem vatn er tekið til neyslu. Skyld er að tilkynna heilbrigðisnefnd tafarlaust ef vitað er um mengun á vatni í vatnsbólum eða dreifikerfi“.

Í reglugerð nr. 796/1999 er fjallað um flokkun vatna sem byggist á nánar útfærðum forsendum og að flokkun skuli vera lokið fyrir lok október árið 2004. Til sömu ákvæða er vísað í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.21.2.




Vatnsverndarsvæði í landi Hafnarfjarðar

Fyrir liggja mælingar frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis á vatnasvæðum í Hafnarfirði og voru niðurstöðurnar eftirfarandi:

Hvaleyrrarvatn (maí 2002 – nóvember 2005)


Fjöldi gerla eru innan þeirra marka sem sett er í reglugerð nr. 796/1999, sjá mynd. Saurmengun er alla jafna lítil og mælist í flestum tilfælum innan umhverfismarka I, þ.e. mjög lítil eða engin saurmengun. Ekki er því ástæða til að hafa áhyggjur af mengun í Hvaleyrrarvatni og ekki þörf á því að grípa til sérstakra aðgerða af þeim sökum.



Niðurstöður saurgerlamælinga í Hvaleyrrarvatni.

Ástjörn (maí 2002 – nóvember 2005)


Nokkrar sveiflur eru í fjölda gerla í Ástjörn, sjá mynd. Fjöldi gerla er lágur í meirihluta tilfella og er þá innan umhverfismarka fyrir fyrsta eða annan flokk, sbr. reglugerð nr. 796/1999, þ.e. mjög lítil eða lítil saurmengun. Í þremur mælingum sem fram fóru á síðari hluta árs er um meiri mengun að ræða og nær fjöldi gerla þá upp í umhverfismörk fyrir þriðja og fjórða flokk, þ.e. nokkur eða mikil saurmengun. Ýmislegt bendir til þess að fjöldi gerla nái hámarki síðari hluta árs en lækki svo að nýju. Gæti það skýrst af náttúrulegri mengun, þ.e. frá fuglum sem voru á og í næsta nágrenni við tjörmina á sumarmánuðunum. Talsverðar sveiflur virðast vera milli ára í mesta fjölda gerla í tjörninni og ráða aðstæður s.s. veðurfar og fjöldi fugla líklega þar mestu um. Ekki þykir ástæða til þess að grípa til sérstakra aðgerða að svo komnu en fylgjast þarf vel með fjölda gerla síðari hluta árs og meta út frá mælingum á næstu árum hvort ástæða sé til að kanna betur uppruna mengunarinnar og grípa þá til aðgerða verði talin þörf á því.




Niðurstöður saurgerlamælinga í Ástjörn.

Hamarskotslækur (2001- 2005)


Mjög miklar sveiflur eru í fjölda gerla, bæði í tíma og á milli sýnatökustaða. Alla jafna er fjöldinn mestur síðari hluta árs og ræðst það líklega af aukinni náttúrulegri mengun sem fylgir sumrinu. Nokkuð greinilegur stígandi í gerlafjölda er niður eftir læknum og er mengun í neðri hluta hans mikið meiri en í efri hlutanum. Kemur það glöggst fram á þremur myndum hér að neðan en þær sýna niðurstöður mælinga við Lækjarbotn ofan stíflu sem er í efsta hluta lækjarins, við Frímúrarahúsið sem er um miðbik lækjarins og við brú á Strandgötu sem er neðarlega á læknum. Í efsta hluta lækjarins er ástandið alla jafna ágætt og mengun oftast nær innan umhverfismarka fyrir fyrsta og annan flokk, mjög lítil eða lítil mengun. Um miðbik lækjarins er mengun talsvert meiri og mælist fjöldinn þá oft innan umhverfismarka fyrir annan eða þriðja flokk, lítil eða nokkur saurmengun. Í neðsta hlutanum er oftast um mikla mengun að ræða og nokkrar mælingar sýna ófullnægjandi ástand varðandi gerlamengun í vatni, sem er fimmti og efsti flokkur mengunar sbr. reglugerð nr. 796/1999. Full ástæða er því að halda gerlamælingum áfram og gera úttekt til að finna rangtengingar í drenlögnum sem hugsanlega geta skýrt þessa mengun í Læknum.



Niðurstöður saurgerlamælinga í Læknum, mælistaður ofarlega við læk



Niðurstöður saurgerlamælinga í Læknum, mælistaður um miðjan læk



Niðurstöður saurgerlamælinga í Læknum, mælistaður neðarlega í læk

Á grundvelli þessara mælinga hefur Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis sett fram eftirfarandi landtímamarkmið:

Hvaleyrarvatn og Ástjörn verði merkt sem ósnortin vötn, litamerking á skýringaruppdráttum blátt, og Hafnarfjörður lýsi því yfir að stefnt verði að því að halda vötnunum sem slíkum.

Lækurinn verði merktur sem ósnortið vatn (A) niður að Setbergsskóla og þaðan niður að sjónum sem nokkuð snortið vatn (C). Hugsanlegt er að endurheimta þar vatnsgæði.



Ísaltar tjarnir við Þorbjarnarstaði

1.7 LOFT

Loftgæði í Hafnarfirði eru almennt nokkuð góð. Nokkrar þekktar mengunaruppsprettur eru í og við bæinn og við ákveðnar aðstæður getur loftmengun orðið umtalsverð, jafnvel nálgast heilsuverndarmörk tímabundið. Helsta uppspretta loftmengunar í Hafnarfirði er iðnaðarstarfsemi og umferð ökutækja. Fjöldi bíla í umferðinni hefur vaxið hratt á síðustu árum og hefur það leitt til aukinnar mengunar frá brennslu eldsneytis og svifryks, sem m.a. stafar af sliti á malbiki og dekkjum. Líkur eru á að samhliða auknum íbúafjölda muni bílaeign Hafnfirðinga vaxa enn á skipulagstímanum. Fyllsta ástæða er því til að vera vel á verði gagnvart loftmengun og leita leiða til að draga úr henni með vandaðri skipulagsvinnu og aðgerðum í samgöngumálum.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis fylgist með loftgæðum á Hvaleyrarholti. Þar er mælt svifryk, brennisteinstvíoxíð og flúor. Skilgreind hafa verið ákveðin heilsuverndarmörk fyrir svifryk og brennisteinstvíoxíð og gróðurverndarmörk fyrir brennisteinstvíoxíð. Engin umhverfismörk hafa verið skilgreind fyrir flúor. Samkvæmt niðurstöðum fyrir árið 2004 voru allar mælingar vel undir skilgreindum umhverfismörkum utan að einn sólarhring mældist svifryk rétt yfir heilsuverndarmörkum. Lesa má um þessar mælingar og niðurstöðurnar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins www.heilbrigdiseftirlit.is

Alcan á Íslandi rekur álver við Straumsvík þar sem framleidd eru um 180.000 tonn af áli á ári. Frá því stafar loftmengun og eru það einkum flúorsambönd, brennisteinstvíoxíð, koltvíoxíð, súrál og sót í formi ryks sem menguninni veldur. Í nóvember 2005 var auglýst nýtt starfsleyfi sem heimilar stækkun álversins upp í allt að 460.000 tonna ársframleiðslu. Hafnarfjarðarbær setur þau skilyrði fyrir stækkun verksmiðjunnar að mengun frá henni verði innan ásættanlegra marka og hafi ekki áhrif á núverandi eða fyrirhugaða íbúðabyggingu. Nánar er fjallað um álverið í kafla 2.2.3 í greinargerð aðalskipulags.

1.8 HÁVAÐI

Allt í kringum okkur eru hljóð af margvíslegri gerð og uppsprettu. Hluti hljóða koma úr náttúrunni en langstærstur hluti þeirra hljóða sem við heyrum í daglegu lífi eiga upptök sín af manna völdum. Þegar hljóðið eða hávaðinn veldur óþægindum og ónæði telst það vera hávaðamengun. Viðvarandi hávaðmengun getur haft margvísleg heilsuspillandi áhrif, jafnt líkamleg sem andleg. Því þarf að huga að forvörnum í hljóðvist og tryggja eftir megni lágmörkun hávaðamengunar til að búa íbúunum sem best og heilsusamlegast búsetuumhverfi.

Markmið reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða er að draga úr og koma í veg fyrir hávaða. Þar koma einnig fram almennar kröfur um hljóðstig, skyldur og réttindi almennings og rekstraraðila. Íbúar geta kallað eftir mælingu á hávaða við heimili sín telji þeir hljóðvist ábótavant. Framkvæmd mælinganna er í höndum Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.

Helstu uppsprettur hávaða í Hafnarfirði eru hafnarstarfsemi, iðnaðarstarfsemi og umferð. Með þeirri uppbyggingu sem fyrirhuguð er í bænum eykst hætta á að hávaði valdi ónæði hjá íbúum. Mikilvægt er að bæjaryfirvöld og hönnuðir hugi þegar á fyrstu stigum skipulagsvinnu að því hvernig lágmarka megi hávaða og tryggja góða hljóðvist fyrir íbúana og þá sem þar starfa.

2 NÁTTÚRVÁ OG EFNISNÁMUR

2.1 NÁTTÚRUVÁ

Undir hugtakið náttúruvá hafa eftirfarandi náttúruhamfarir verið flokkaðar; hraunflóð, gjóskufall, jarðskjálftar, flóð undan jöklum, flóð í ám, skriðuföll, flóð frá sjó, snjóflóð, hafís, lagnaðarís og fárviðri. Í ljósi sögunnar þá eru þær tegundir náttúruhamfara, sem gætu dunið yfir Hafnarfjörð fyrst og fremst hraunflóð, gjóskufall og jarðskjálftar.

Þekking jarðfræðinga á eðli og framgangi þessara náttúruhamfara og vöktunarkerfi við virkustu eldstöðvarnar eiga hins vegar að tryggja öryggi bæjarbúa komi til náttúruhamfara.

Í maí 2002 kom út skýrsla um undirbúning áhættumats „Áhættugreining fyrir höfuðborgarsvæðið“. Þar er mögulegar afleiðingar af náttúrufarslegum orsökum og af mannavöldum teknar fyrir. Markmið með skýrslugerðinni er m.a. að meta þörf á frekari vinnu við rannsóknir og viðbragðsáætlanir og koma með tillögur um forgangsroðun þeirra verkefna.

2.1.1 ELDGOS OG ÖSKUFALL

Ólíklegt er talið að eldgos geti orðið innan höfuðborgarsvæðisins. Eldgos með hraunrennsli og öskufalli í nágrenni við svæðið og þá einkum í Trölladyngjukerfinu geta hins vegar valdið margs konar hættu fyrir íbúa þess. Þá getur óbein hætta stafað af eldsumbrotum við aðfærsluæðar til og frá svæðinu. Afleiðingar eldsumbrota í nágrenni við höfuðborgarsvæðið eru háðar staðsetningu og eðli umbrotanna, veðurfari á umbrotatímanum og árstíma.

Eðli hraun er að renna undan halla og er því hægt að gera sér grein fyrir líklegum farvegum þess miðað við núverandi landslag. Í Hafnarfirði er mögulegur farvegur þar sem Kapelluhraun og Óbrinnishólshraun liggja. Hins vegar er mun meiri óvissa um staðsetningu á upptökum eldsumbrota, magni kviku og tímalengd umbrotanna. Þau mannvirki sem eru hugsanlega í hættu eru álverksmiðjan í Straumsvík og önnur mannvirki á aðliggjandi iðnaðarhverfi. Oftast er töluverður aðdragandi að hraunrennsli þannig að tími gefst til að flytja fólk á brott.

Niðurstöður áhættugreiningar fyrir höfuðborgarsvæðið um eldgos eru þessar:

- „Eskilegt væri að setja á fót nefnd sem fjallar um jarðeðlisfræðilega atburði (jarðskjálfta, eldgos, sjávarflóð og ofanflóð) sem getur valdið almannavarnarástandi. Hér er átt við nefnd sem hefur það hlutverk að draga saman þær upplýsingar sem liggja fyrir í dag, vinna úr þeim og samræma þá vinnu sem unnin er í þágu almannaheilla.“

- b) *Rannsaka þarf eldsumbrotasögu nágreinnis höfuðborgarsvæðisins með tilliti til legu byggðar og aðfærsluæða til svæðisins.*
- c) *Rannsaka þarf tíðni og umfang öskufalls, í og við höfuðborgarsvæðið samfara eldsumbrotum í helstu eldstöðvum á suður- og vesturlandi.*
- d) *Meta þarf öryggi og afkastagetu núverandi vega-, sjó- og flugflutningskerfa.*
- e) *Suðursvæðið er nær hugsanlegum eldsumbrotum á Reykjanesskaga og í Bláfjöllum.”*

2.1.2 JARÐSKJÁLFTAR

Samkvæmt rituðum heimildum hafa á síðustu átta öldum orðið nær 50 jarðskjálftar hér á landi sem voru það sterkir að bæir hrundu. Talið er að styrkleiki þessara jarðskjálfta hafi verið 5,5-7,5 stig á Richter. Þótt jarðskjálftar séu tíðir á Íslandi eru harðir skjálftar fremur sjaldgæfir og sökum strjálbýlis hefur manntjón orðið fremur lítið. Sem dæmi má nefna að samkvæmt heimildum hafa um 100 manns farist í jarðskjálftum á Suðurlandi síðan land byggðist.

Flekaskil ganga eftir endilöngum Reykjanesskaga sem valda jarðskjálftum á tiltölulega mjóu belti sem rekja má frá Reykjanesvita, um Kleifarvatn og austur í Bláfjöll. Af heimildum má ráða að jarðskjálftahrinur gangi yfir svæðið á um 30-40 ára fresti. Þannig var mikil ókyrrð um aldamótin 1900 og aftur á tímabilunum 1929-1935 og 1967-1973. Vestast á þessu svæði eru skjálftar tiltölulega vægir eða að jafnaði um 4-4,5 stig á Richter en verða harðari eftir því sem austar dregur eða allt að 6-6,5 stig á Richter. Þannig mældust tveir jarðskjálftar í Brennisteinsfjöllum um 6 á Richter á síðustu öld. Sá fyrri varð árið 1929 og olli hann miklum skemmdum á húsum í Reykjavík sem voru hlaðin úr grágrýti s.s. Alþingishúsinu og Landsíma-stöðinni. Í desember árið 1968 reið aftur yfir mikill jarðskjálfti, nálægt 6 stigum á Richter en tjón var metið óverulegt.

Á Reykjanesskaga eru nú átta jarðskjálftamælar sem veita hagnýtar upplýsingar um upptök og eðli skjálftavirkinnar auk þess að auðvelda Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra eftirlit með svæðinu.

Umfangsmiklar rannsóknir á jarðskjálftavá eru í vinnslu og hafa verið unnar á vegum hinna ýmsu stofnana og sérfræðinga.

Niðurstöður áhættugreiningar fyrir höfuðborgarsvæðið um jarðskjálfta eru þessar:

“Sömu og vegna eldgoss.

Rannsaka og kortleggja legu jarðskjálftasprungna á svæði almannavarna á höfuðborgarsvæðinu m.t.t. byggðar í nágreinni þeirra og framtíðarskipulag byggðar.

Meta þarf afleiðingar jarðskjálfta á mannvirki, þar með talin samgöngu- og veitumannvirki, innan svæðis almannavarna á höfuðborgarsvæðinu m.t.t. styrkleika og upptaka skjálfta.

Greina þarf hvaða stoðdeildir (lögreglu, stjórnstöðvar björgunaraðila, slökkvilið, sjúkrahús, fjöldahjálpastöðvar o.s.frv.) eru bráðnauðsynlegar eftir að almannavarnarástand hefur skapast af völdum jarðskjálfta. Slík greining er nauðsynleg svo hægt sé að meta hvort húsnæði þeirra deilda standast það jarðskjálftaálag sem vænta má.

Bent skal á að suðursvæðið býr við heldur meiri jarðskjálftahættu en norðursvæðið. Lagt er til að einstakar byggingar sem gegna lykilhlutverki verði skoðaðar nánar.”

2.2 EFNISNÁMUR

Innan sveitarfélagsmarka hefur fjölbreytt efnisnám til mismunandi mannvirkjagerðar verið mikilvæg auðlind fyrir bæjarfélagið.

Til skamms tíma fór efnisvinnslan ekki nægilega skipulega fram þannig að landslagi hefur verið spillt m.a. við yfirborðsvinnslu á hraunum. Frá því að fyrri stefnumörkun var mótuð hafa verið sett lög sem setja skýrari reglur um efnistöku. Til þess að koma í veg fyrir óæskilega efnisvinnslu vann Bæjarskipulag Hafnarfjarðar að stefnumótun og verklagsreglum um efnistöku í landi Hafnarfjarðar. Hún tekur mið af skipulags- og

byggingarlögum nr. 73/1997, lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Stefnumörkunin tekur mið af náttúruvernd og landnotkun með það að leiðarljósi að vernda sérstakt landslag, jarðmyndanir, lífríki, náttúruyfyrirbæri ásamt þeim menningarminjum og náttúruvættum sem kunna að finnast í landi Hafnarfjarðar.

Markmið þessarar stefnumótunar eru:

- ? Að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi með skynsamlegri nýtingu jarðefna þannig að komandi kynslóðir njóti sömu gæða.
- ? Að vernda sérstakt landslag og jarðmyndanir í landi Hafnarfjarðar og spilla ekki mikilvægum náttúruvættum og menningarminjum.
- ? Að efnistaka sé í samræmi við hlutaðeigandi lög og að ekkert jarðrask fari fram án tilskyldra leyfa.

Leiðir:

Fækka námuvinnslusvæðum og einbeita sér að vinnslu á fáum stöðum sem bjóða upp á mismunandi efni og að vinnslan miðist fyrst og fremst við efnispörf Hafnarfjarðarbæjar.

- ? Styðjast við varúðarregluna þegar tekin er ákvörðun um framkvæmdaleyfi til efnistöku.
- ? Styðjast við nytjagreiðsluregluna og mengunarbótaregluna við verðlagningu á efnistöku.
- ? Stöðva frekari yfirborðsvinnslu á hraunum og hún aðeins leyfð í tengslum við undirbúning á landi vegna framkvæmda á skipulagi.
- ? Efnistaka sé aðeins heimiluð að fyrir liggi framkvæmdaleyfi í samræmi við efnistöku-áætlun/deiliskipulag/umhverfismat eftir því sem við á og í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi.

Stjórnskipan efnistöku mála

Umhverfisnefnd mótar stefnu um efnistöku m.t.t. náttúruverndar undir yfirstjórn bæjarstjórnar og í samræmi við náttúruverndarlög nr. 44/1999. Skipulags- og byggingarnefnd fer með skipulag efnistökusvæða og framkvæmdaleyfi, undir yfirstjórn bæjarstjórnar og í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.

Efnistökusvæði í aðalskipulagi

Stefnumótun þessi verður lögð til grundvallar um efnistökusvæði í endurskoðun aðalskipulags. Í því felst meðal annars að landnotkun efnistöku verði skilgreind og gerð verði grein fyrir stærð svæðanna og öðru sem þurfa þykir.

Deiliskipulag efnistökusvæða

Stefnt skal að því að deiliskipulag verði unnið fyrir hvert efnistökusvæði í samræmi við staðfest aðalskipulag og gr. 4.9 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Í deiliskipulagi verði gerð grein fyrir þeirri efnistöku sem fram hefur farið og/eða er fyrirhuguð á svæðinu og öðru því sem þurfa þykir, s.s. landslagi, efnismagni, vinnslutíma, landmótun og frágangi svæðis að lokinni vinnslu og fyrirhuguðum eða mögulegum síðari notum svæðisins.

Mat á umhverfisáhrifum

Framkvæmdaraðili skal láta fara fram mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar efnistöku í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, þegar það á við. Framkvæmdaraðili ber kostnað af mati á umhverfisáhrifum, auglýsingum og kynningu, sbr. nytjagreiðsluregluna.

Efnistaka á 50.000 m² landi eða stærra eða þar sem fyrirhuguð er efnistaka meiri en 150.000 m³ er ávallt háð mati á umhverfisáhrifum. Efnistaka sem raskar 25.000 m² landi eða stærra eða er meiri en 50.000 m³ og efnistaka á náttúruverndarsvæðum skulu metnar hvort háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaleyfi (efnistökuleyfi)

Öll efnistaka, hvort heldur sem er á bæjarlandi eða á landi í einkaeign er óheimil nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar í samræmi við 47. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagsstjóri annast útgáfu framkvæmdaleyfa að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Gatnadeild Hafnarfjarðar hefur eftirlit með að efnistaka fari fram í samræmi við útgefið framkvæmdaleyfi.

Stefnumörkunin var samþykkt í skipulags- og umferðarnefnd 23.10.2001, í umhverfisnefnd 29.10.2001 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 13.11.2001.

Í framhaldinu var samþykkt á fundi Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar 7. október 2003 að skipa 3 manna tímabundinn starfshóp til að yfirfara stefnumörkun fyrir námuvinnslu í Hafnarfirði. Í tillögum starfshópsins kom fram eftirfarandi megináhersla. „*Góður aðgangur að námum er nauðsynleg forsenda þess að unnt sé með hagkvæmum hætti að þróa byggð og byggja samgöngumannvirkni svo sem vegi, hafnir og flugvelli. Í landi Hafnarfjarðar eru ákjósanlegar aðstæður til námuvinnslu og er þar um auðlind að ræða sem eðlilegt er að nýta fyrir sveitarfélagið sjálft sem og aðra aðila. Jafnframt þessu tekur hópurinn undir þá áherslu í náttúru- og umhverfisvernd sem fyrri stefnumótun byggir á. Hópurinn telur að unnt sé að samræma sjónarmið nýtingar og umhverfisverndar við efnistöku í landi Hafnarfjarðar.*“

Tillaga hópsins var að námuvinnsla verði takmörkuð við þau svæði sem nú eru í notkun til að vernda sem mest hraun í nágrenni bæjarins. Jafnframt verði gengið frá þeim námum sem ekki eru lengur í notkun. Lögð var til vinnsla á eftirtöldum svæðum:

- 1. Undirhlíðanáma** (bögglaberg). Efni verði áfram unnið í núverandi námu og stefnt að því að vinna þar eins mikið magn og kostur er. Afmörkun vinnslusvæðis ráðist af endanlegri niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum.
- 2. Landareign Skógræktar ríkisins í Kapelluhrauni** (hraungjall). Lögð er áhersla á að takmarka námuvinnslu á þessu svæði við þegar raskað hraun.
- 3. Kapelluhraun ofan Hellnahrauns** (grjótnám). Grjótnám fari áfram fram í Kapelluhrauni á svæði því sem þegar hefur farið í mat á umhverfisáhrifum. Lagt er til að skoðuð verði frekari námuvinnsla grjóts á röskuðu landi umhverfis námuna og á nærliggjandi svæðum og unnið nýtt mat á umhverfisáhrifum þegar tillaga um umfang stækkunar og/eða ný námusvæði liggja fyrir. Reynist ekki forsendur fyrir nægjanlegri stækkun á þessu svæði, verði hugað að nýtingu annarra svæða í Kapelluhrauni sem þegar hefur verið raskað með yfirborðsvinnslu.
- 4. Hamranes** (grjótnám). Lagt er til að metið verði hvort fjarlægja beri með frekari vinnslu rana þann sem skilinn var eftir vestan námunnar og svæðið þannig gert aðgengilegt sem byggingarsvæði eða til annarra nota. Við lok námuvinnslu verði gengið frá námunni þannig að vel fari í landslagi og öryggi íbúanna tryggt.
- 5. Óbrinnishólar** (gosefni til iðnaðarframleiðslu). Vinnsla á gosefnum í Óbrinnishólum verði takmörkuð við þegar raskað svæði og í samræmi við fyrirliggjandi mat á umhverfisáhrifum. Gerð verði frágangsaætlun fyrir svæðið og vinna samkvæmt henni hafin sem fyrst.

3 VERNDARSVÆÐI



Búsetuminjar vestan Straumsvíkur

3.1 NÁTTÚRUVERND

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 skulu náttúruverndaryfirvöld hafa aðgang að og rétt til umsagnar um skipulagsáætlanir, meiriháttar framkvæmdir, hönnun mannvirkja og ræktun. Hér fara á eftir helstu greinar laga um náttúruvernd sem taka á þessum málum:

Í 33. gr. um gerð skipulagsáætlana segir svo:

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda, sbr. 11. gr., við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum.

34. gr. fjallar um meiri háttar framkvæmdir.

Meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

35. gr. fjallar um hönnun mannvirkja.

Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.

36. gr. fjallar um ræktun.

Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.

37. gr. fjallar um sérstaka vernd á jarðmyndunum og vistkerfum.

Eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar áður en veitt er framkvæmda- og byggingarleyfi sem hafa í för með sér röskun eftirfarandi jarðmyndana og vistkerfa:

- eldvörp, gervigígar og eldhraun
- stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri
- mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri
- fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri
- sjávarfitjar og leirur.

38. gr. fjallar um hættu á röskun náttúruminja.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hættu er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá, sbr. 67. og 68. gr.

Leiti framkvæmandi ekki leyfis skv. 1. mgr. er Umhverfisstofnun heimilt að krefjast þess með skriflegri áskorun að framkvæmdir verði ekki hafnar eða þær stöðvaðar. Verði ekki orðið við áskorun stofnunarinnar er henni heimilt að beita dagsektum í þessu skyni, sbr. 73. gr., og leita atbeina lögreglu ef með þarf.

Í 50. gr. segir að friðlýstar náttúruminjar skiptist í eftirfarandi 5 flokka:

- a. Þjóðgarðar.
- b. Friðlönd.
- c. Náttúruvætti á landi.
- d. Friðlýstar lífverur, búsvæði og vistkerfi.
- e. Fólkvanga.

Í 67. gr. eru ákvæði um stöðu og innihald náttúruminjaskrár.

Umhverfisráðherra skal gefa út heildstæða náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum. Birta má hvenær sem er ákvarðanir um ný svæði sem tekin eru á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi náttúrustofur og náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna viðbóta við náttúruminjaskrá og heildarútgáfu hennar.

Í 68. gr. er gerð grein fyrir efni náttúruminjaskrár en í skránni skulu vera sem gleggstar upplýsingar um:

- friðlýstar náttúruminjar
- náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun, sbr. 65. gr.
- aðrar náttúruminjar, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem rétt þykir að vernda.

Í náttúruminjaskrá skal lýst sérkennum náttúruminja og þýðingu þeirra fyrir náttúru landsins. Umhverfisráðherra getur í reglugerð sett nánari fyrirmæli um skráningu náttúruminja.

3.1.1 FRÍDLÝST SVÆÐI SKV. NÁTTÚRUVERNDARLÖGUM

Eftirfarandi svæði í landi Hafnarfjarðar eru friðlýst skv. náttúruverndarlögum:

Hamarinn - friðlýstur árið 1984.

„Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] að tillögu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar samþykkt fyrir sitt leyti að friðlýsa Hamarinn í Hafnarfirði sem náttúruvætti.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru sýnd á skipulagsuppdætti:

Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:

Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins eru óheimil, nema til komi sérstakt leyfi

[Umhverfisstofnunar]. Þó er bæjarstjórn heimilt, í samræmi við skipulag Hamarssvæðisins og í samráði við [Umhverfisstofnun], að láta planta trjágróðri, leggja gangstíga og setja upp bekkir og annan búnað í þágu útivistar á svæðinu.

Svæðið er einungis opið gangandi fólki og skal það gæta góðrar umgengni.

Náttúruverndarnefnd Hafnarfjarðar hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði [Umhverfisstofnunar] og bæjarstjórnar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] og náttúruverndarnefndar Hafnarfjarðar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.”

Ástjörn friðlýst 1978

„Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Ástjörn við Hafnarfjörð ásamt næsta nágrenni og er svæðið friðland. Stj. tíð. B, nr. 189/1978

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis [Umhverfisstofnunar].
2. Óheimilt er að breyta náttúrulegu vatnsborði Ástjarnar, svo og að losa á vatnasviði hennar efni sem skaðað geta gróður eða dýralíf á svæðinu.
3. Gangandi fólki er heimil för um svæðið. Á varptíma (1. maí - 15. júlí) er umferð um svæðið óheimil.
4. Öllum er skylt að ganga vel og hreinlega um friðlandið.
5. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn.

[Umhverfisstofnun] getur falið náttúruverndarnefnd Hafnarfjarðar umboð sitt til framkvæmdar á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga”.

Ástjörn og Ásfjall - friðlýst 1978 og 1996

„Ástjörn, Hafnarfirði. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 189/1978. Stærð 25 ha. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 1. maí til 15. júlí.

Fólkvangurinn umlykur friðland Ástjarnar. Útsýni af fjallinu er gott og sérstaklega áhugavert fyrir áhugafólk um jarðfræði og sögu höfuðborgarsvæðisins. Á Ásfjalli eru menjar um heretu fyrr á öldinni..

Að tillögu umhverfisnefndar Hafnarfjarðar og að fengnu samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið að landsvæði umhverfis friðlandið við Ástjörn og Ásfjall verði lýst fólkvangur, með skírskotun til 26. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

Mörk svæðisins eru: Íþrótt- og útivistarsvæði Knattspyrnufélagsins Hauka, að norðan: Stekkur og framtíðaríbúðarbyggð, að austan: Austurhlíð Ásfjalls, og að sunnan: Grísanes.

Eftirfarandi reglur gilda um fólkvanginn:

1. Gangandi fólki er frjálst umferð um svæðið enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfa truflun á dýralífi.
2. Umferð ökutækja innan svæðisins er aðeins heimil á akvegum.
3. Svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.
4. Óheimilt er að beita búpeningi innan fólkvangsins.
5. Lausaganga hunda er bönnuð í fólkvanginum

6. Losun alls sorps og úrgangs er bönnuð innan fólkvangsins.
 7. Losun mengandi efna á vatnasviði Ástjarnar er óheimil. Settar verði sérstakar reglur um áburðarnotkun hjá gróðrarstöðinni.
 8. Meðferð skotvopna er óheimil á svæðinu.
 9. Mannvirkjagerð skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag. Önnur mannvirkjagerð er háð leyfi [Umhverfisstofnunar].
 10. Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar fer með stjórn og eftirlit með fólkvanginum.
 11. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi umhverfisnefndar Hafnarfjarðar og [Umhverfisstofnunar].
- Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.
- Ráðneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum”.

Reykjanesfólkvangur - friðlýstur árið 1975

„Að tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur, bæjarstjórna Kópavogs, Seltjarnarness, Hafnarfjarðar, Keflavíkur og Grindavíkur, hreppsnefnda Garðahrepps, Njarðvíkurhrepps og Selvogshrepps hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið að stofna fólkvang á Reykjanesskaga skv. 26. gr. laga nr. 47/1971.

Afmörkun svæðisins eru sýnd á skipulagsuppdraetti.:

Um fólkvanginn gilda eftirtaldar reglur:


Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið og má ekki hindra slíka för með girðingu nema stigar til yfirferðar séu með hæfilegu millibili. Reiðgötum má ekki loka með girðingum. Þessi ákvæði eiga þó ekki við girðingar um vatnsból og ræktað land enda er umferð óheimil innan slíkra girðinga. Á skógræktargirðingu skulu einungis vera stigar.

Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi [Umhverfisstofnunar] komi til. Undanskilin er hagnýting jarðhita, t.d. í Krísvík, og mannvirkjagerð í því sambandi, sbr. þó 29. gr. laga nr. 47/1971. Jafnframt verði ekki haggð þar eðlilegri nýtingu til búrekstrar, réttur til beitar er ekki skertur innan fólkvangsins og áskilinn er í Krísvík réttur til starfsemi í almannaðágu (svo sem heilsuhæli, skólar, gistihús o. þ. u. l.). Skipulegur námurekstur, sem rekinn er innan fólkvangsins þegar auglýsing þessi verður birt í Stjórnartíðindum, má þó haldast, enda sé umgengni í samræmi við 18. gr. laga nr. 47/1971.

Tekið er fram af hálfu sveitarfélaganna allra að með stofnun fólkvangsins telja þau ekki á neinn hátt raskað eignarrétti að landi því sem fólkvangurinn tekur til.

Vafi er talinn leika á hver séu mörk Grindavíkurkaupstaðar og Vatnsleysustrandarhrepps. Þegar úr þessum vafa hefur verið skorið með samkomulagi eða dómi verða mörk fólkvangsins færð til í samræmi við það.

Samvinnunefnd sveitarfélaganna allra fer með stjórn fólkvangsins og er hún skipuð einum fullrúa frá hverjum aðila.”



Friðlýst svæði og svæði á náttúruverndarlögum

Sérstök vernd

Hafa þarf samráð við Umhverfisstofnun vegna skipulags og framkvæmda á og við náttúruverndarsvæði s.s. svæði á náttúruverndarlögum eða þeirra sem falla undir 37. gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Samkvæmt náttúruverndarlögum 37. gr. "sérstök vernd" segir:

Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- a. eldvörp, gervigigar og eldhraun,
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri,
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri,
- e. sjávarfítjar og leirur.

Hafnarfjarðarbær hefur látið gera úttekt á vatnafari, gróðri og smádýralífi á vatnasviði Hamarkotslækjar, í Ástjörn og í Hvaleyrarvatni en ekki á öllum ofantöldum jarðmyndunum og vistkerfum í Hafnarfirði. Því skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun ofangreindra jarðmyndana og vistkerfa. Mörg svæði sem falla innan sérstakrar verndar eru hins vegar þegar vernduð með öðrum hætti sem friðlýstir skv. Náttúruverndarlögum og eru á náttúruverndarlögum eða hverfisvernduð með hverfisverndarákvæðum.

3.1.2 SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Samkvæmt ákvæðum skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 skal sýna svæði sem eru á náttúruminjaskrá á landnotkunarupprætti. Eftirfarandi svæði í Hafnarfirði eru á náttúruminjaskrá:

Strandlengjan frá Fögruvík í Vatnsleysuvík að Straumi við Straumsvík (111), Vatnsleysustrandahreppi, Hafnarfirði, Gullbringusýslu. (1) Fjaran og strandlengjan á u.þ.b. 500 metra breiðu belt, ásamt ísöltum tjörnum, frá botni Fögruvíkur að Straumi. (2) Sérstætt umhverfi með miklu og óvenju fjölskrúðugu fjörulífi og gróðri. Tjarnir með mismikilli seltu og einstæðum lífsskilyrðum. Útivistarsvæði með mikið rannsóknar- og fræðslugildi í nánd við þéttbýli. Friðaðar söguminjar við Óttarsstaði.

Straumsvík (112). (1) Fjörur, strendur svo og tjarnir með fersku og ísöltu vatni við innanverða Straumsvík, frá Urtartjörn vestan Straums suður fyrir Þorbjarnarstaði að athafnasvæði Ísal. (2) Tjarnir með einstæðum lífsskilyrðum, allmikið fuglalíf.

Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða (113) (1) Hvaleyrarlón og fjörur umhverfis Hvaleyrarhöfða að Þvottaklettum í Hraunavík. (2) Lífauðugar leirur og malarfjörur. Mjög þýðingarmikill áningarstaður farfugla, einkum vaðfugla. Fjölsótt útivistarsvæði.

Bessastaðanes, Gálgahraun og fjörur frá Bala að Kársnesi (117), Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Bessastaðahreppi, Svæðið er að stærstum hluta utan Hafnarfjarðar. (1) Fjaran frá Bala í Hafnarfirði að Kársnesi í Kópavogi. Bessastaðanes allt og Lambhúsatjörn, Bessastaðatjörn, Skógtjörn og Kasthúsatjörn. Gálgahraun sem afmarkast af Álfanesvegi að sunnan, en hraunjöðrum að austan og vestan. (2) Fjölbreyttar tjarnir, fjörur og grunnsævi með auðugu lífríki. Gálgahraun er tilkomumikið nútímahraun með lífauðugum sjávarfítjum. Hraunið er nyrsta tunga af rúmlega 10 km löngu hrauni sem komið er úr Búrfelli. Kjöríð útivistarsvæði.

3.2 VERNDARSVÆÐI VEGNA GRUNNVATNS- OG STRANDMENGUNAR OG MENGUNAR Í ÁM OG VÖTNUM

Vatnsból Hafnarfjarðinga er í Kaldárbotnum. Vatnsverndarsvæði hefur verið skilgreint út frá vatnsbólinu, brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði og gilda þar takmarkanir á umsvifum í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og heilbrigðissamþykkt nr. 636/1997 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar. Engar breytingar né framkvæmdir eru fyrirhugaðar á þessum svæðum.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis hefur stundað reglubundnar mælingar á saurgerlamengun í Ástjörn, Hvaleyrarvatni, í Hamarskotslæk og við strendur í Hafnarfirði. Nánar er gerð grein fyrir þeim mælingum í fylgiriti aðalskipulags, Umhverfi og útivist. Á grundvelli þessara mælinga hafa vötnin verið flokkuð í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 auk þess sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis hefur sett fram eftirfarandi langtíamarkmið.

Hvaleyrarvatn og Ástjörn verði merkt sem ósnortin vötn, flokkur A. Hafnarfjörður lýsi því yfir að stefnt verði að því að halda vötnunum sem slíkum. Lækurinn verði flokkaður og merktur sem ósnortið vatn (flokkur A) niður að Setbergsskóla og þaðan niður að sjó sem nokkuð snortið vatn (flokkur C). Hugsanlegt er að endurheimta þar vatnsgæði og er langtíamarkmið að þessi hluti lækjarins verði í flokki B, lítið snortið vatn.

Stórum hluta strandlengjunnar við Hafnarfjörð hefur verið raskað, m.a. með hafnargerð. Að auki hefur hluti strandlengjunnar búið við viðvarandi mengun vegna frárennslis en útrásir opnast við fjöruborðið hjá Herjólfsgötu og við Hvaleyri.

Vegna þessara mengunaráhrifa eru strandsvæði Hafnarfjarðar í flokki C, nokkuð snortið vatn en langtímamarkmið er að svæðin verði í flokki B hið minnsta og jafnvel flokki A. Árið 2007 mun ljúka umfangsmiklum úrbótum á frárennslismálum í bænum. Allt skólp mun þá fara um hreinsi- og dælustöð sem verður staðsett vestur undir lóðamörk álversins og þaðan dælt í sjó, um 2 km. vegalengd út fyrir fjörmörk. Líkur eru á að strendurnar hreinsi sig á tiltölulega skömmum tíma þegar gengið hefur verið endanlega frá útrás frárennslis og standa vonir til að þá verði ástand strandsvæðanna í samræmi við flokk A eða B. Unnt verður að endurmeta stöðu strandsvæðanna þegar full áhrif fráveituframkvæmdanna eru komin fram.

Í tengslum við þessa framkvæmd verður lagður útivistarstígur meðfram strandlengju bæjarins frá Langeyarmölum allt að Hvaleyri. Með því er verið að auka tækifæri almennings til útivistar og um leið opna fyrir að íbúar skoði og njóti strandlengjunnar. Innan þessa svæðis eru þrjú svæði sem eru á náttúru-minjaskrá auk þess sem einu óröskuðu fjöru Hafnarfjarðar er að finna í og vestan við Straumsvík. Fjörurnar hafa því mikið verndargildi auk þess að vera vinsæl útivistarsvæði.

Ástjörn og Hvaleyrarvatn hafa bæði þýðingu fyrir útivist auk þess sem Ástjörn er mikilvæg vegna lífríkis. Þau ættu því bæði að falla í fyrsta flokka verndarsvæða vegna mengunar í ám og vötnum; svæði sem hafa sérstaka þýðingu vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar. Hamarskotslækur hefur einnig útivistargildi og fellur í sama flokk.



Lækurinn og Hörðuvellir

3.3 HVERFISVERND

Samkvæmt skipulagslögum er mögulegt fyrir sveitarstjórn að setja fram stefnu og skilyrði varðandi vernd náttúruminja, menningarsögulegra svæða eða bygginga vegna náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Þau eru skilgreind sem hverfisvernduð svæði án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Í aðalskipulagi skal þá gera grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis njóta skulu forgangs og tiltekinnar verndar. Ennfremur hvaða réttindi og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og íbúa varðandi landnotkun og framkvæmdir.

Um hverfisverndarsvæðin gilda þau almennu ákvæði að þar má ekki raska landi né spilla minjum og er í kafla 3.3.1-3.3.3 gerð grein fyrir gildi þeirra og sérákvæðum um vernd þar sem það á við. Allar framkvæmdir eða breytingar á hverfisverndarsvæðum eru háðar umfjöllun í umhverfisnefnd, skipulags- og byggingarráðs sem og staðfestingu bæjarstjórnar, sbr. skipulags- og byggingarlög.

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 er gerð tillaga um hverfisvernd vegna náttúruminja og búsetuminja. Til þessa að draga fram núverandi stöðu svæðanna eru þeim skipt upp í þrjá eftirfarandi flokka og kemur jafnframt fram hvaða svæði Umhverfisnefnd/Staðardagskrá 21 (UHN/SD21) hefur lagt til að verði friðlýst skv. náttúruverndarlögum í framhaldinu.

Hverfisverndarsvæði A. Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 var gerð tillaga um friðlýsingu á svæðum en því hefur ekki verið framfylgt. Þau svæði eru hér skilgreind sem hverfisvernduð svæði. Það er stefna bæjaryfirvalda að unnið verði að friðlýsingu svæðanna í samræmi við fyrri tillögur. Samtals 7 svæði.

Hverfisverndarsvæði B. Fyrir liggja samþykkt deiliskipulög þar sem hverfisverndarsvæði hafa verið skilgreind. Samtals 5 svæði.

Hverfisverndarsvæði C. Við vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins hafa komið fram tillögur um fleiri svæði sem verða hverfisvernduð. Samtals 14 svæði en innan þeirra fleiri svæði. Við nokkur þessara svæða hefur verið gerð tillaga um friðlýsingu samkvæmt náttúruverndarlögum. Það er stefna bæjaryfirvalda að því verði unnið á skipulagstímanum.

3.3.1 HVERFISVERNDARSVÆÐI A

Í gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar var gerð tillaga um að friðlýsa sjö eftirfarandi svæði. Þar af eru Setbergstöft og Kapellutóftin þegar friðlýstar skv. Þjóðminjalögum en tillagan gerir ráð fyrir að stærra svæði umhverfis tóftirnar sé friðað.

1. Gjárnar vestan við Kaldárbotna eru sérstakt jarðfræðifyribæri sem fela í sér fallegar klettamyndanir. UHN/SD21 hefur lagt til að svæðið verði í framhaldinu friðlýst skv. Náttúruverndarlögum sem náttúruvætti.

Hverfisverndarákvæði: Svæðið er að hluta til innan Reykjanesfólkvangs en með afmörkun þess og hverfisverndun er ætlunin að vekja athygli á sérstöðu þess í tengslum við umhverfisfræðslu.

2. Setbergstöft. Hinar gömlu bæjarrústir að Setbergi. Tóftirnar eru jafnframt friðlýstar skv. Þjóðminjalögum.

Hverfisverndarákvæði taka mið af friðlýsingu minjanna en til viðbótar stækka það svæði sem ekki má raska í 50 m út frá sýnilegum minjum.

3. Kapellan við Straumsvík. Kapellutóftin er jafnframt friðlýst skv. Þjóðminjalögum.

4. Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða. að Þvottaklettum. svæðið er jafnframt á náttúruminjaskrá (nr. 113). UHN/SD21 hefur lagt til að svæðið verði í framhaldinu friðlýst skv. Náttúruverndarlögum sem fólkvangur.

Hverfisverndarákvæði: Þess verði gætt við framkvæmdir að leirur og lífríki fjörunnar verði að mestu óskert.

5. Straumsvík og Óttarsstaðir. Fjörur, strandir og tjarnir með söltu og ísöltu vatni við innanverða Straumsvík, s.s. Brunnþjörn, Jónsbúðartjörn, Straumstjarnir og Lónakotsvatnagarðar. Hluti af svæði sem er jafnframt á náttúruminjaskrá. Tóftir og búsetuminjar auka á mikilvægi svæðisins frá Réttarklettum,

Lónakoti, Óttarsstöðum vestri og eystri, Jónsbúð, Þýskubúð, Straumi og að Litla-Lambhaga. UHN/SD21 hefur lagt til að svæðið verði í framhaldinu friðlýst skv. Náttúruverndarlögum sem fólkvangur.


Hverfisverndarákvæði ná til landslags, náttúru og söguminja þannig að þeim verði ekki spillt með mannvirkjagerð og raski.

6. Þorbjarnarstaðir, Péturskot og Gerði. Búsetulandslag með hlöðnum veggjum, stekkjum, réttum, tröðum, brunngötum, alfaraleið og öðrum minjum. Þorbjarnarstaðatjarnir, Gerðistjarnir og umhverfi eru jafnframt á náttúruminjasrá. (nr. 111).

Hverfisverndarákvæði ná til búsetulandslags, náttúru og söguminja þannig að þeim verði ekki spillt með mannvirkjagerð eða raski.

7. Óttarsstaðafjörborg. Fjörborg vestan við Rauðamel undir Smalaskálahæð.

Hverfisverndarákvæði: Innan 50 m svæði frá fjörborginni má ekkert rask eiga sér og stuðlað verði að varðveislu og menningarsögulegu gildi þeirra.



Hverfisvernduð svæði A og B

3.3.2 HVERFISVERNDARSVÆÐI B.

Fyrir liggja samþykkt deiliskipulög þar sem eftirfarandi hverfisverndarsvæði hafa verið skilgreind.

1. Hleinar að Langeyrmölum (hluti deiliskipulagssvæðisins er innan Garðabæjar)

Óhreyft land og þá einkum hraunbreiðurnar sem einkenna svæðið er sett undir hverfisvernd. Einkum er vísað til Eyrarhrauns, Skerseyrarhrauns, hraunborgana sunnan við Boðahlein og hraunkantsins alls er liggur frá Garðavegi að Herjólfstraui. Vernda skal náttúrulega gróðurþekju hraunsins, mosa og lynggróður og alls ekki er leyfilegt að rækta í því landi, án tilskilinnar leyfa yfirvalda. Þá skal aldrei gróðursetja barrviði eða aðrar aðfluttar tegundir í hraunið, heldur eingöngu íslenskar tegundir. Ennfremur búsetulandslag, tóftir, fiskreitir, grjóthleðslur, gerði, garðar og vagnslóðar við Bala, Skerseyri, Brúsastaði, Hrafnistu, Fagrahvaun, Ljósaklif, Eyrarhraun, Sigurjónshæð, Langeyri og Aragerði og svæðið milli Herjólfsgötu, Sævangs og Hjallabrautar. UHN/SD21 hefur lagt til að svæðið verði í framhaldinu friðlýst skv. Náttúruverndarlögum sem fólkvangur.

Hverfisverndarákvæði: Vernda skal náttúrulega gróðurpekju hraunsins, mosa og lynggróður og alls ekki er leyfilegt að rækta í því landi, án tilskilinna leyfa yfirvalda. Þá skal aldrei gróðursetja barrviði eða aðrar aðfluttar tegundir í hraunið, heldur eingöngu íslenskar tegundir. Ennfremur búsetulandslag, tóftir, fiskreitir, grjóthleðslur, gerði, garðar og vagnslóðar við Bala, Skerseyri, Brúsastaði, Hrafnistu, Fagrahvam, Ljósaklif, Eyrarhraun, Sigurjónshæð, Langeyri og Aragerði og svæðið milli Herjólfsgötu, Sævangs og Hjallabrautar. UHN/SD21 hefur lagt til að svæðið verði í framhaldinu friðlýst skv. Náttúruverndarlögum sem fólkvangur.

2. Hörðuvelli og Reykdalsreitir Sá hluti Hamarskotslækjarins sem fellur innan deiliskipulagsmarkanna, ásamt votlendinu og gulstararengi sunnan við lækinn. Lækjarsvæðið er mikilvægur hlekkur í útivistarkeðju sem tengir sjóinn og miðbæ Hafnarfjarðar við Stekkjarhraunið og aðliggjandi heiðar. Lækurinn og votlendið er mikilvægt fæðu og hvíldarsvæði fugla. Lækurinn er samofinn sögu rafvæðingar sem hófst 1904 í Hafnarfirði, Reykdalsstíflan og leifar eftir vatnsstokkinn er lá frá stíflunni eru frá 1905-6 og teljast til menningarminja. Einnig er hlaðni veggurinn meðfram Skólabraut mikilvægur í þessu tilliti en hann var hlaðinn í atvinnubótavinnu í kringum 1930. Á Hörðuvöllum var vaggja íþróttaiðkana í bænum og var staðurinn notaður undir mannfagnaði allt undir 8. áratuginn. Með hverfisverndinni felst að innan hverfisverndarmarka skal vistkerfi lækjarins, fuglalíf, útivistarmöguleikar og menningarminjar njóta forgangs miðað við hagsmuni annarrar landnotkunar. Við allar framkvæmdir innan hverfisverndar skal leitast við að viðhalda og styrkja þá þætti sem hverfisverndin nær til.

Með hverfisverndinni felst að innan hverfisverndarmarka skal vistkerfi lækjarins, fuglalíf, útivistarmöguleikar og menningarminjar njóta forgangs miðað við hagsmuni annarrar landnotkunar. Við allar framkvæmdir innan hverfisverndar skal leitast við að viðhalda og styrkja þá þætti sem hverfisverndin nær til.

3. Jófriðarstaðir. Í deiliskipulagi eru þrjú svæði skilgreind sem hverfisverndarsvæði. 1. Farvegur lækjarsytrunnar vegna náttúrulegs umhverfis. 2. Hæsti hluti svæðisins vegna útsýnis og er þá ekki gert ráð fyrir að þar verði gróðursettar trjáplöntur sem gætu skert útsýnið. 3. Umhverfi Lambhúsabaráðs er hverfisverndað vegna söguminja sem eru fjárhús, beitarhús og hlaðnir garðar. Bæjartröðin suður frá bæjarhólum að Lambhúsabaráði.

Hverfisverndarákvæði: Halda skal náttúrulegu umhverfi lækjarins, stuðla að varðveislu búsetumina og koma í veg fyrir að útsýni verði skert frá hæðstu hæðinni.

4. Hvaleyrarvatn, Höfðaskógar. Í deiliskipulaginu eru 8 staðir skilgreindir sem hverfisvernd. Um er að ræða fjárborg, sel, beitarhús og fleiri minjar sem tengjast búskap. Verndin felur í sér að ekki má raska svæði né rækta í 20 metra radius út frá minjunum. Minjarnar hafa allar fræðslugildi og því er stefnt að því að þær verði merktar á fræðandi hátt.

Hverfisverndarákvæði: Verndin felur í sér að ekki má raska svæði né rækta í 20 metra radius út frá minjunum. Minjarnar hafa allar fræðslugildi og því er stefnt að því að þær verði merktar á fræðandi hátt.

5. Norðurbakki. Í deiliskipulagi eru fimm svæði skilgreind sem hverfisvernduð. 1. Húsin við Vesturgötu 4 og 6 (Byggðarsafnshúsið og Sívertsenhúsið sem eru nr. 6 eru friðuð). Vegna mikilvægi bygginganna með tilliti til sögu og byggingarlistar og þeirrar heildar sem þær mynda. 2. Fiskaklettur, náttúruminjar sem hafa sögulegt mikilvægi sem útvörður hafnarinnar frá fornu fari. 3. Hraunkantur umhverfis Vesturgötu 32 vegna sérstaks yfirbragðs. 4. Upphlaðinn grjóttveggur á milli lóðanna Vesturgötu 16-18. 5. Stór "álfaklettur" sem liggur frá lóðinni Merkuragata 3 og inn í deiliskipulagsreitinn vegna fegurðar og mikilvægi.

6. Víðistaðasvæði. Í deiliskipulaginu eru fjögur svæði skilgreind sem hverfisvernduð. 1. Leifar fiskreits Bookless og Hellyrs sem lá meðfram og austan Hjallabrautar. 2. Hleðslur fiskreits norðan við leikskóla, rústir kartöflugeymslu og skjólagarðs. 3. Leifar hlaðins garðs sem malbikaður stígur rífur. 4. Ummerki fornminja.

7. Fuglstapapúfa á Hvaleyrarholti. Í deiliskipulagi er hverfisvernd skilgreind á svæði milli Kelduhvamms og Þufubarðs, Fuglstapapúfu sem skal vera opið og óraskað svæði. Þúfurnar voru á jökulsorfnunum klöppum, syðri þúfa við Þufubarð og nyrðri þúfan við oliutanka norðan Melabrautar. Fuglstapapúfa voru landamerki milli Hvaleyrar og Ófriðarstaðalanda. Þann 22. nóv. 1907 var ákveðið í 1. grein laga um bæjarstjórn Hafnarfjarðar að takmörk kaupstaðarins yrðu sem hér segir: Úr sjó utanvert við Balatún, sjónhending eftir takmörkum Hafnarfjarðarhrauns og Dysjamýrar, þar til kemur á hinn forna veg frá Görðum til Reykjavíkur. Eftir þeim vegi í Engidal. Þaðan eftir nyrðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur móts við austurhorn Hraunsholtstúns. Þaðan bein stefna yfir neðanverðan Kaplakrika í vörðu á háholtinu fyrir ofan Jófriðarstaði, þaðan yfir í Fuglastapapúfu efri beina leið í sjó fram. Hverfisverndarákvæði: Innan hverfisverndar má hvorki raska landslagi né gróðri og eru allar framkvæmdir háðar framkvæmdaleyfi.

8. Fjárborg við Ásfjall. Skv. Deiliskipulagi Áslands 3 er hverfisvernd á nánasta umhverfi fjárborgar sem er innan skipulagssvæðisins, rétt við mörk Fólkvangsins.

Hverfisverndarákvæði: Innan 50 m svæði frá fjárborginni má ekkert rask eiga sér og stuðlað verði að varðveislu og menningarsögulegu gildi hennar.

9. Hraunkambur við athafnasvæði hestamannafélagsins Sörla. Í deiliskipulagi svæðisins er hraunkamurinn hverfisverndaður og tilgreint að að honum megi ekki raska eða fara í framkvæmdir nema áður fari fram umfjöllun og umsögn nefnda..

Hverfisverndarákvæði: Hraunkambinum má ekki raska eða fara í framkvæmdir nema áður fari fram umfjöllun og umsögn nefnda..

10. Vellir 2. áfangi. Í deiliskipulaginu hverfisvernd skilgreind á hraunhrygg, hraunkant og gjótur sem liggja eftir miðbiki svæðisins.

Hverfisverndarákvæði fela í sér að einkennum hraunsins verði haldið.

11. Vellir 6. áfangi. Hraunjaðar sem með öllu er óheimilt að raska, sem og flatlendi sem liggur að leikskólalóð til suðurs og að opnu svæði í deiliskipulagi Valla 5 til vesturs. Í hverfisvernd þessa svæðis felst að einungis er heimilt að leggja stíga um þann sléttlenda hluta þess, þar sem heimilt verður einnig að hafa útileiksvæði leikskóla. Einnig er heimilt að setja niður einstaka leiktæki á þessum hluta svæðisins, enda sé þess gætt að þau falli vel að landi og raski ekki neinum þeim náttúrumyndunum sem eru innan svæðisins. Framkvæmdir þessar eru háðar framkvæmdaleyfi.

Í hverfisvernd þessa svæðis felst að einungis er heimilt að leggja stíga um þann sléttlenda hluta þess, þar sem heimilt verður einnig að hafa útileiksvæði leikskóla. Einnig er heimilt að setja niður einstaka leiktæki á þessum hluta svæðisins, enda sé þess gætt að þau falli vel að landi og raski ekki neinum þeim náttúrumyndunum sem eru innan svæðisins. Framkvæmdir þessar eru háðar framkvæmdaleyfi.



Hverfisvernduð svæði C

3.3.3 HVERFISVERNDARSVÆÐI C

Við vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins hafa komið fram tillögur um að eftirfarandi svæði verði hverfisvernduð.

1. Hellisgerði. Garðurinn hefur menningarsögulegt gildi og markar upphaf náttúruverndar í Hafnarfirði. Málfundarfélagið Magni fékk garðinn til afnota 1922 til að koma í veg fyrir að sérkenni og tilbreytni í náttúrunni hyrfu úr umhverfi byggðarinnar vegna mannvirkjagerðar. Þar fór fram frumkvöðlastarf við trjárækt í Hafnarfirði og eftir stendur einstakur skrudgarður í skjóli hraunsins. Klettaborginnar eru áberandi kennileiti í miðbænum.

Verndun garðsins miðar við að halda í sérkenni hans og fyrirkomulag.

2. Einarareitur. Reiturinn hefur menningarsögulegt gildi. Á reitnum eru sögulegar minjar s.s. saltfiskþurrkunarreitir og hraunhleðslur auk áberandi hraundranga inn á milli íbúðabyggðarinnar. Hverfisvernd miðar að verndun sögu- og náttúruminja.

Hverfisverndarákvæði: Hverfisvernd miðar að verndun sögu- og náttúruminja.

3. Eystri Arnarklettur. Eystri-Arnarklettur er stök hraunborg í grónu hrauni í námunda við íbúðahverfi, og mikilvægt kennileiti í nærumhverfi byggðarinnar. Svæðið markast af Arnarhrauni, Álfaskeiði og Erluhrauni.

Hverfisverndarákvæði er ætlað að koma í veg fyrir rask og að hraunborgin verði varðveitt í núverandi mynd og verði því áfram það kennileiti sem hún hefur verið.

4. Arnarklettur stendur ásamt **Krummakletti og Gnípu** í grónu hrauni sem markast af Klettahrauni, Arnarhrauni, Sunnuvegi og neðra Álfaskeiði. Jafnframt eru gerði og mannvistarminjar.

Hverfisverndarákvæði: Hverfisvernd tekur til þess að þessum hraunmyndunum og minjum verði ekki raskað.

5. Setbergshamar. Setbergstöft er þegar friðlýst skv. Þjóðminjalögum og í gildandi aðalskipulagi var gerð tillaga um friðlýsingu á stærra svæði. Hér er gerð tillaga um að allt opið svæði umhverfis hamarinn verði skilgreint undir hverfisvernd. Setbergshamar er mikilvægt kennileiti í bæjarlandinu þar sem Hamarskotshamar og Setbergshamar kallast á yfir lækinn. Ofan af Setbergshamri er útsýni yfir byggðina og upp með útivistarsvæðinu að Helgafelli.

Hverfisverndarákvæði: Með hverfisvernd er lagt til að Setbergshamar fái áfram notið sín í bæjarmyndinni og að útsýni verði ekki skert með byggingum eða trjárækt.

6. Stekkjahraun og Lækjarbotnar. Stekkjahraun er hluti af hraunum sem runnu í Búrfellseldum fyrir um 7000 árum og er í beinu framhaldi af Gráhelluhrauni þar sem hrauntungan hefur farið um þröngan farveg á milli Setbergshlíðar og Mosahlíðar. Lækjarbotnalækur sem sprettur fram í lindum Lækjarbotna rennur með hraunjaðrinum norðanverðum og markar skilin á milli byggðar og útivistarsvæðis. Við Lækinn þar sem hann rennur um Stekkjahraun má finna votlendisbletti með horblöðku og stórum sem eru fágæt votlendisvist í nánd við þéttbýli og sérstök ástæða til að vernda það. Við lækjarupptökin eru minjar um vatnsveitufuramkvæmdir sem hófust 1909, m.a. steypur grunnur dæluhúss, Lækjarbotnastífla hlaðin úr grjóti og torfi, leifar tréröra og undirstöður vatnsleiðslunnar, Hlébergsstífla úr stórgerðu grjóti og fleiri minjar.

Hverfisverndarákvæði tekur til lækjarins og hrauntungunnar með tilliti til náttúruminja og vatnsveituminja.

7. Kapellu- og Óbrinnishólhraun (bruni). Hraunin eru með þeim yngstu í Hafnarfirði og skilja sig greinilega frá öðrum þar sem þau eru úfin kargahraun með samfelldri mosapembu. Neðsti hluti hraunnanna hefur þegar verið nýttur til efnisvinnslu og er ætlaður sem iðnaðarsvæði. Þá eru námur við Óbrinnishóla og í miðjum Undirhlíðum.

Hverfisverndarákvæði nær til þess hluta hraunnanna sem nú er óraskaður að frádregnum áætluðum byggingarsvæðum.

8. Kaldárselsfjárhellar norðan við Borgarstand. Búsetuminjar í nokkrum hraunhellum með hleðslum.

Hverfisverndarákvæði: Innan 50 m svæði frá hellunum má ekkert rask eiga sér og stuðlað verði að varðveislu og menningarsögulegu gildi þeirra.

9. Gráhella. Einkennandi klettur með tóft norðan undir hellunni. Landamerki milli Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Hverfisverndarákvæði: Innan 50 m svæði frá klettinum má ekkert rask eiga sér svo og stuðlað verði að varðveislu og menningarsögulegu gildi þessa landamerkis.

10. Hamrakotssel. Rúst á sveitarfélagsmörkum í jarðri Smyrlabúðarhrauns þar eru fleiri minjar s.s. Setbergsstekkur og

Hverfisverndarákvæði: Innan 50 m svæði frá minjunum má ekkert rask eiga sér svo að stuðlað verði að varðveislu og menningarsögulegu gildi þeirra.

11. Kaldárhraun. Heillegt og óraskað helluhraun. Eitt síðasta dæmið um heillegt helluhraun í landi bæjarins. Falleg jarðmyndun og fágæt í bæjarlandinu og hefur sem slík mikið fræðslugildi. Hraunið hefur komið úr gígum í bakhlíðum Undirhlíða. Yngri hraun liggja að hluta til ofan á hrauninu. UHN/SD21 hefur lagt til að svæðið verði í framhaldinu friðlýst skv. Náttúruverndarlögum sem náttúruvætti.

Hverfisverndarákvæði. Þessari mikilvægu landslagsheild skal haldið óraskaðri og því eru engar framkvæmdir sem spilla gróðri, hraunmyndunum og jarðri hraunsins leyfðar.

12. Almennigur. Gamalt dyngjuhraun kennt við Hrutagjárdyngju vaxið mosapembu og kjarlendi og að hluta til er þar ræktaður skógur. Svæðið er að mestu innan vatnsverndarsvæðis eins og það er skilgreint í gildandi aðalskipulagi. Við norðurmörk afmörkunar á hverfisverndinni eru þessar mannvistarminjar; Lónakotssel, Óttarsstaðsel, Straumssel, Gjásel, Fornasel og Fjárborgin. Fleiri mannvistarminjar, hleðslur, stekkir, gerði og fjárhellar með fyrirhleðslum eru á þessum slóðum. Um Almennig lágú alfaraleiðir til fona s.s. Rauðamelstígur, Straumsselsstígur, Hrauntungustígur og Stórhöfðastígur. Auk þess eru aðrar leiðir sem tengdust hinum ýmist til styttingar eða þær voru valdar eftir veðurlagi hverju sinni.

Hverfisverndarákvæði: Hverfisvernd á Almenningi er til verndunar á búsetumínum, seljum, fornum leiðum og til vatnsverndunar. Ekki er ætlast til að á svæðinu sé trjárækt umfram það sem þegar er komið heldur verði náttúruleg framþróun gróðurs eins og mikill vöxtur hefur verið í eftir að beit af svæðinu hefur verið aflétt. Með þessu er lögð áhersla á að halda í ásýnd lands og sérstöðu svæðisins hvað varðar náttúru- og mannvistarminjar.

13. Litluborgir. Hraunborgir austan Helgafells. Gervigígar og fallegar jarðmyndanir, sem hafa myndast við það að hraun hefur runnið út í stöðuvatn. Sérstæðar jarðmyndanir þar á meðal dropasteinsmyndanir og eina kunna dæmið um jarðmyndanir af þessu tagi í landi Hafnarfjarðar.

Staðurinn er einstakur á þessu svæði og má lýsa honum sem smækkaðri útgáfu af Dimmuborgum við Mývatn. UHN/SD21 hefur lagt til að svæðið verði í framhaldinu friðlýst skv. Náttúruverndarlögum sem náttúruvætti.

Hverfisverndarákvæði: Svæðið er að hluta til innan Reykjanesfólkvangs en með afmörkun þess og hverfisverndun er ætlunin að vekja athygli á sérstöðu þess í tengslum við umhverfisfræðslu.

14. Stríðsminjar. Stríðsminjar s.s. skotbyrgi eða virki eru á nokkrum stöðum t.d. Flóttamannavegurinn og svæðið austan hans í Lækjarbotnahrauni, á Svínholti, á Ásfjalli í austanverðri Mógrafarhæð og Ásfjallsóxl vestri, í suðvestanverðu Grísanesi, á Hvaleyri og í Skerseyrarhrauni vestan Hrafnistu.

Hverfisverndarákvæði: Þessar minjar ber að vernda vegna samhengis þeirra við sögu Hafnarfjarðar á umbrotatímum 20. aldar.

3.4 ÞJÓÐMINJAVERNÐ

3.4.1 FRÍÐLÝSTAR ÞJÓÐMINJAR SKV. ÞJÓÐMINJALÖGUM

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.

Samkvæmt þjóðminjalögum eru tvö stig friðunar á fornleifum á Íslandi, annars vegar friðlýsing þar sem gefið er út sérstakt friðlýsingarskjal og friðlýsing þinglýst sem kvöð á viðkomandi jörð eða lóð og hins vegar friðun á grundvelli aldursákvæðis þar sem ekki má hrófla við fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Fornleifaverndar ríkisins.

Gera skal grein fyrir þjóðminjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðinu og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga.

Fyrir liggur svæðisskráning fornleifa af landi Hafnarfjarðar. Þá hefur verið gerð fornleifaskráning á afmörkuðum svæðum m.a. í tengslum við deiliskipulagavinna.

Nokkur svæði bjóða upp á möguleika sem áningarstaðir vegna fornminja.

Eftirfarandi minjar í Hafnarfirði eru friðlýstar skv. þjóðminjalögum:

F 1. Afréttarland. *Forn rúst, nefnd Helgadalrúst, í dalkvos, sem er skammt fyrir neðan Helgafell.* Sbr. Árb. 1908: 11. Skjal undirritað af MÞ 25.10. 1930. Þinglýst 15.11.1939.¹

F 2. Hvaleyri. 1. *Stór steinn og nokkrar klappir norðvestan við túnið, með áletrun á.* 2. *Leifar gamallar verslunarbúðar austast í túninu, norðaustan við Hjörtskot.* Sbr. Kálund 1877: 28. Skjal undirritað af MÞ 25. október 1930. Þinglýst 15.11.1938.

F 3. Kaldársel. 1. *Bæjarrústir, rétt sunnan við skála KFUM, svo og aðrar rústir í hinu gamla túni.* 2. *Fjárborg, nú hrunin, þar sem hæst ber á svonefndum Standi, skammt fyrir norðan bæjarrústirnar.* 3. *Fjárhústóft og gerð, rétt hjá borginni, þeim megin sem frá bæjarrústunum veit.* 4. *Hleðsla undir gamla vatnsveitustokkinn til Hafnarfjarðar, þvert yfir gjá.* Skjal undirritað af KE 30.04.1964. Þinglýst 05.05.1964.

F 4. Lambhagi. *Kapellutóft forn úr grjóti í Kapelluhrauni.* Sbr. Árb. 1903: 34. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.

F 5. Óttarsstaðir. *Fjárborg vestur af svonefndum Löngubrekkuhæðum (hlaðin af Krístrúnu Sveinsdóttur á Óttarsstöðum um 1870).* Skjal undirritað af KE 30.04.1964. Þinglýst 05.05.1964.

F 6. Setberg. *Hinar gömlu bæjarrústir að Setbergi.* Skjal undirritað af BM 16.12.1981. Þinglýst 04.01.1982.

3.4.2 HÚSVERND

Við varðveislu eldri byggðar er mikilvægt að varðveita samfellda byggð sem heild og halda þar með þeim einkennum, sem myndað hafa ramma um líf fyrri tíma. Stuðlað verði að varðveislu, vernd eða friðun sérkenna í húsagerð og skipulagi auk annarra staðbundinna umhverfispátta þannig að ímynd bæjarfélagsins styrkist.

Hafnarfjörður statar af tiltölulega mörgum gömlum íbúðarhúsum sem ljá eldri bæjarhlutum hlýlegan blæ. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins eru 487 íbúðir eða um 7% af öllum íbúðum í Hafnarfirði í húsum sem byggð voru 1930 og fyrr. Þar af eru 48 íbúðir í húsum 100 ára og eldri þ.e. byggð 1905 eða fyrr. Mikilvægt er að viðhalda og leggja rækt við bárujárnshúsabyggðina í hrauninu sem er ein stærsta samfellda byggð sinnar tegundar í landinu.

¹ Rústin er óvæfengjanlega í landi Hafnarfjarðar, sbr. bréf skipulagsstjóra 16.08.1990.


Árið 2000 skipuðu bæjaryfirvöld í Hafnarfirði vinnuhóp til að undirbúa tillögur að húsverndarstefnu sem nýta mætti við vinnu við endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar. Tilgangur verkefnisins var m.a. að skilgreina verðmæta og varðveisluverða eiginleika eldri byggðar og móta vinnubrögð sem skipulagsyfirvöld bæjarins gætu nýtt sér. Vinnuhópurinn skilaði tillögu sinni í ársbyrjun 2002.

Nánnar er fjallað um þetta í greinargerð vinnuhópsins, sem er fylgiskjal með aðalskipulaginu. Mikilvægt er að lokið verði við þá stefnumótun um húsa- og hverfisvernd sem vinnuhópurinn fór af stað með í byrjun þessarar aldar. Ennfremur er brýnt að skráðar verði allar minjar í landi bæjarins, þ.á m. minjar sem eru mikilvægar út frá sögu bæjarins en falla ekki undir þjóðminjalög.

Eftirtalin hús í Hafnarfirði eru friðuð samkvæmt þjóðminjalögum:

- ? Vesturgata 6, Sívertsenhús, byggt 1902.
- ? Strandgata 55 (tvö elstu húsin), byggð 1841.
- ? Vesturgata 8, Brydepakkhús, byggt 1865.
- ? Frikirkjan við Linnetsstíg, byggð 1913.
- ? Hafnarfjarðarkirkja Strandgötu 51, byggð 1914.
- ? Kirkjuvegur 10 (Siggubær), byggður 1902.

Í greinargerðinni er gerð tillaga um 5 flokka húsverndar fyrir hverfishluta sem taka mið af byggingartíma, byggðamynstri og forgangsroðun verndar. Fyrsti flokkurinn nr. I tekur til elstu byggðar og bygginga í Hafnarfirði og er hann mikilvægastur. Næst mikilvægastur er flokkur nr II. osfrv. Þessi vernd þýðir að við allar óskir um breytingar þarf að viðhafa sérstaka gát. Skráning og húsakönnun mynda grundvöll fyrir deiliskipulag á þessu svæði. Mikilvægt er að lokið verði við þá stefnumótun um húsa- og hverfisvernd sem vinnuhópurinn fór af stað með í byrjun þessarar aldar.



Tillaga vinnuhóps um 5 flokka húsverndar fyrir hverfahluta í Hafnarfirði

3.4.3 AÐRAR SÖGUMINJAR

Byggðasafn Hafnarfjarðar hefur umsjón með skráningu fornleifa í landi Hafnarfjarðar.

Það er markmið Byggðasafnsins að öll fornleifaskráningin verði unnin í aðgengilegum gagnagrunni til að tryggja stöðlun vinnubragða og skýrleika. Aðgengileg fornleifaskrá er nauðsynleg stofnunum eins og byggðasöfnum sem annast minjavörslu á sínu svæði og er mikilvægt tæki við ákvarðanatöku um ítarlegri rannsóknir.

Ýmislegt hefur áunnist í skráningu fornleifa og menningarminja en landareign bæjarins er ekki fullskráð, einkum er upplandið eftir. Ástæðan er sú að vinna við skráningu og upplýsingaöflun um fornleifar helst yfirleitt í hendur við skipulagsvinnu einkum deiliskipulagsvinnu. Skráning hefur því farið fram þegar í undirbúningi er að taka nýtt land undir byggingar eða mannvirki.

Eftirfarandi er yfirlit, rakið í tímaröð, yfir þau verkefni/svæði þar sem annaðhvort hefur verið unnið að fullgildri fornleifaskráningu eða fornleifar verið kannaðar með öðrum hætti.

1996:

- ? Fornleifaskráning vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi.

1998:

- ? Svæðisskráning fornleifa sem fól í sér samantekt heimilda en ekki fornleifaskráningu á vettvangi.
- ? Fornleifaskráning milli Skerseyrar og Langeyrar.
- ? Fornleifakönnun vegna mats á umhverfisáhrifum vegna grjótnáms í Undirhlíðum.
- ? Fornleifaskráning í Krísuvík.

1999:

- ? Prufuholugróftur við Jónsbúð, þurrabúð við Straumsvík.

2001:

- ? Fornleifar skráðar við Hvaleyravatn og nágrenni.
- ? Prufuholgróftur við Fornasel, seljarústir.
- ? Fornleifakönnun vegna minja við Hörðuvelli.
- ? Úttekt vegna hugsanlegra fornminja við Arnarklett.
- ? Fornleifakönnun við Reykjanesbraut (skýrsla hin minni).
- ? Fornleifakönnun við Reykjanesbraut (skýrsla hin stærri).

2002:

- ? Skráning fornleifa og menningarminja á Víðistöðum.

2003:

- ? Fornleifakönnun vegna svæðis 2 deiliskipulagstillögu fyrir Álverið í Straumsvík (vegna skrifstofubyggingar).

2004:

- ? Fornleifaskráning vegna deiliskipulagstillögu Hleina að Langeyrarmölum.
- ? Fornleifaskráning vegna tillögu að nýrri legu Krísuvíkurvegur.


2005:

- ? Fornleifaskráning vegna grjótnámu í Undirhlíðum.
- ? Fornleifaskráning í landi Hvaleyrar og Grísaness.
- ? Fornleifaskráning í landi Áss.
- ? Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Sléttuhlíð í Hafnarfirði.
- ? Fornleifakönnun vegna Stekkjarbergs.
- ? Könnun á menningarminjum vegna breytingar á samþykktu deiliskipulagi á lóð við Herjólfsgötu 30-34.
- ? Könnun á hleðslum á lóðarmörkum Strandgötu 25 og Austurgötu 22b.
- ? Fornleifakönnun og prufuholugróftur vegna deiliskipulags við Hamarsbraut 17.
- ? Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Setbergslandi.
- ? Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Sléttuhlíð.

4 ÚTIVIST

4.1 ÚTIVISTARVEFUR

Það sem einkennir opin svæði í Hafnarfirði eru grænir geirar sem mynda samfelldan útivistarvef frá byggðinni, meðfram ströndinni og upp til aðliggjandi heiða. Það svæði sem er „hrygglangjan“ í útivistarvefnum teygir sig frá Strandgötunni, meðfram Læknum, um Stekkjarhraun og Gráhelluhraun. Annar geiri liggur frá Hvaleyrarhrauni um Ástjörn og nýja íbúðabyggð á Flötunum og að Hvaleyrarvatni. Í framtíðinni er gert ráð fyrir geira sem teygir sig frá Straumsvík um Þorbjarnarstaði og Kapelluhraun. Við þessum grænu geirum tekur opið svæði í upplandinu sem umlykur byggðina s.s. svæðið umhverfis Hvaleyrarvatn og Kaldárbotna, Almennigur og þar fyrir ofan Reykjanesfólkvangur.



Útivistarvefur Hafnarfjarðar

Innan þessa svæðis er „Græni trefillinn“ sem er skilgreindur á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og er m.a. ætlað að tengja saman útivistarsvæði ofan byggðarinnar á höfuðborgarsvæðinu. Innan hans er gert ráð fyrir skógrækt til skjóls og útivistar, svo og mannvirkjum sem nauðsynleg eru þannig að hann gegni hlutverki sínu sem útivistarsvæði s.s. stígum, bílastæðum og viðeigandi þjónustuaðstöðu. Ekki er gert ráð fyrir byggð innan eða ofan græna trefilsins. Stærstur hluti græna trefilsins telst til landnotkunarflokksins „óbyggð svæði“ en hann getur einnig legið yfir opin svæði til sérstakra nota og náttúruverndarsvæði þar sem svo ber undir. Með nýrri byggð er mikilvægt að tryggja nýja græna geira sem liggja frá sjó, meðfram byggðinni á Hvaleyrarholti, gegnum Vellina og að upplandinu.

4.2 OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Opin svæði til sérstakra nota eru með útvistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð. Undir opin svæði til sérstakra nota

flokkast m.a. tjald- og hjólhýsasvæði, skrudgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, golfvöllir, sleða- og skíðasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvöllir, rallybrautir og skotvöllir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

Eftirfarandi svæði voru skilgreind í nágildandi aðalskipulagi sem opin svæði til sérstakra nota:

1. Hleinar að Langeyrarmölum.

2. Útivistar- og tjaldsvæði á Víðistaðatúni. Útivistarsvæði og garður með fjölpætta aðstöðu.

3. Hellisgerði Almenningsgarður með menningarsögulegt gildi hvað varðar trjárækt í hrauninu. Hér fór fram mikið frumkvöðlastarf á sviði trjáræktar. Um er að ræða sérhafnfirskt fyrirbrigði með sjaldgæfum trjátegundum í skjóli kletta. Í dag er Hellisgerði græn vin með klettaborgum í miðbæ Hafnarfjarðar. Kanna ætti frekari vernd og gera garðinum hátt undir höfði í kynningu á bænum.

4. Einarsreitur

5. Íþróttasvæði FH í Kaplakrika

6. Lækjarsvæðið

7. Stekkjarhraun

8. Hesthúsasvæði Sörla

9. Útivistar- og skógræktarsvæði

10. Kirkjugarðurinn

11. Stækkun á kirkjugarði

12. Útivistarsvæði við Jófríðarstaði

13. Útivistarsvæði við Lindarhvammm

14. Útivistarsvæði og skólagarðar við Suðurbraut

15. Golfvöllur Keilis við Hvaleyri

16. Íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum

17. Blönduð landnotkun við grunnskóla á Völlumum

18. Blönduð landnotkun við framhaldsskóla á Völlumum

19. Gjárnar vestan við Kaldárbotna

Í þeirri tillögu að aðalskipulagi Hafnarfjarðar sem hér er kynnt eru ofangreind svæði með óbreytta skilgreiningu að undanskildum Gjúnum sem verða skilgreindar sem óbyggð svæði en jafnframt hverfisvernduð. Til viðbótar eru eftirfarandi ný svæði skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota:

1. Kirkjugarður. Stækkun á núverandi kirkjugarði til norðausturs.

2. Hvaleyrarvatn og höfðar. Samkvæmt deiliskipulagi svæðisins er gert ráð fyrir fjölbreyttri nýtingu fyrir alhliða útivist s.s. veiði, siglingum og skautaiðkun á Hvaleyrarvatni, skíða- og sleðabrekku við Stórhöfða, margvíslegum áningar- og ræktunarreitum og fjölbreyttum göngu- og reiðleiðum. Því er lagt til að svæðið verði sem heild skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota.

3. Íþróttar- og útivistarsvæði vestan við Hvaleyrarvatn.

4. Landnemaspildur við Sléttuhlíð og Klífsholt. Svæði sem hefur verið úthlutað sem ræktunarspildum.

5. Aksturs- og skotíþróttasvæði í Kapelluhrauni (um 70 ha). Ætlað fyrir vélhjóla- og akstursíþróttir og sem skotæfingasvæði. Með þessu móti er hægt að nýta núverandi aðstöðu Kvartmíluklúbbsins og Skotíþróttafélags Hafnarfjarðar. Svæðið er innan þynningarsvæðis álversins sem takmarkar notkun þess fyrir ýmsa aðra starfsemi s.s. fyrir matvælaíðnað og íbúðir. Með þessu fyrirkomulagi yrði starfsemin innan byggðar og því með ákveðna grenndarvöktun sem hefur verið vandamál í jaðri byggðarinnar.

4.3 ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru þar sem mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki.

Samkvæmt skipulagslögum þá er ekki neinn landnotkunarflokkur sem nær til almennra útivistarsvæða og því eru slík svæði skilgreind hér sem óbyggð svæði. Hér er um að ræða öll opin svæði innan byggðarinnar sem ekki eru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota. Ennfremur samfelld svæði ofan byggðar sem eru misaðgengileg en eru fyrst og fremst ætluð til almennrar útivistar. Stærstu verndarsvæðin skv. náttúruverndarlögum, svæðum á náttúruinjasrá og hverfisverndarsvæðum eru innan óbyggðu svæðanna.

Innan óbyggðu svæðanna er gert ráð fyrir uppbyggingu sem lítur að stígagerð og útivistaraðstöðu og fer það eftir umfangi hvort deiliskipuleggja þurfi svæðið vegna slíkrar uppbyggingar.

4.4 FLOKKUN STÍGA

Hlutverk stígakerfisins er einkum tvíþætt; að tryggja umferðaröryggi og tengja byggð og útivistarsvæði. Stígarnir eru flokkaðir eftir hlutverki þeirra, sem jafnframt segir til um hina ýmsu notendahópa og einnig hvað varðar útfærslur og gæðakröfur.

Stofnstígum er ætlað að vera megin göngu- og hjólaleiðir um útivistarsvæðið og samsíða helstu vegum, tengja saman einstaka bæjarhluta og nágrannasveitarfélög. Möskvastærð í stofnstíganetinu skal vera 0,5-1,0 km. Stofnstígar skulu að öðru jöfnu vera 3-3,5 metra breiðir og lagðir bundnu slitlagi og því hentugir jafnt fyrir reiðhjól, göngufólk og hjólastóla.

Stofnstígar sem liggja innan byggðar skulu vera upplýstir. Þar sem stofnstígar og stofn- og tengibrautir skerast er gert ráð fyrir undirgöngum, brúm eða gönguljósum.

Hluti af þessum stígum eru skilgreindir sem **stofnstígar hjólaleiða**. Með þeim stígum er megináhersla lögð á stytstu leið á milli staða fremur en að þeir liggja um útivistarsvæði. Þar sem aðstæður leyfa er gert ráð fyrir að stofnstígar hjólaleiða verði sérmerkt akrein samsíða akvegum. Með stofnstígum hjólaleiða er komið á móts við þá sem vilja nota hjólaðar sem megin samgöngumáta til vinnu og skóla.

Til þess að stofnstígar þjóni betur hlutverki sínu er gert ráð fyrir að lagfæra niðurtekt á núverandi stígum. Miða skal við að flái verði 2 m breiður og að hámarki með 8 % (1:12) halla.

Í gamla bæjarhlutanum eru víða þær aðstæður að ekki er hægt að verða við þeim kröfum sem gerðar eru um breidd á stofnstígum og tekur útfærsla þeirra mið af því.

Tengistígar (aðeins sýndir á þemakorti aðalskipulagsins) greinast frá stofnstígum og tengja saman einstaka hluta útivistarsvæðisins og aðliggjandi byggð. Þeir eru þvertengingar milli hverfa og þjónustu og til styttingar á leiðum. Þessir stígar eru ýmist hellulagðir, lagðir bundnu slitlagi eða malarstígar og getur breidd þeirra verið 2,0-2,5 m. Tengistígar eru ætlaðir sömu notendahópum og stofnstígar og skulu leiðir sem liggja að skólum og þjónustu vera upplýstar. Utan byggðar er gert ráð fyrir að tengistígar séu fyrst og fremst malarstígar og geta þeir verið 1,5- 2,0 m breiðir.

Útivistarstígar eru stígar sem liggja um náttúruleg svæði utan byggðar og fylgja gjarnan gömlum alfaraleiðum. Útivistarstígar geta verið merktir í landinu með stikum eða vörðum og eru því einungis mjó einstigi sem markast í landið undan fótum ferðalangsins.

Útivistarstígar gefa fólki kost á að komast út af megin gönguleiðum til að njóta náttúrulegra svæða á þægilegan máta. Útivistarstígar henta fyrst og fremst göngufólki. Ekki er gert ráð fyrir að útivistarstígar séu upp

lýstir.

Reiðleiðir. Innan byggðar er gert ráð fyrir sérstökum reiðgötum sem verða aðskildar frá öðrum stígum. Þessar götur eiga að vera malarlagðar og 4-5 m breiðar. Í tengslum við athafnasvæði hestamanna verður reiðleiðanetið þéttast og tryggja þarf tengingu við nágrannasveitarfélögin. Utan byggðar þurfa reiðleiðir ekki alltaf að vera aðskildar frá útivistarstígum eða vegum.

Skíðagönguleiðir (ekki sýndar á skipulagskorti). Meðfram stígum sem liggja um stærri útivistarsvæðin er hentugt að troða gönguskíðabrautir að útivistarstígum í útjaðri byggðarinnar.